



FRÉTTABLAÐIÐ



Breskir ferðamenn í þyrluflugi með Heliar Iceland virða fyrir sér fegurðina uppi á Langjökli. Ferðalangarnir sögðu fátt á jöklinum heldur nutu hvefrrar sekúndu, enda fegurðin ólýsanleg. Í ferðinni var einnig Glymur í Hvalfirði skoðaður auk fleiri náttúruundra í vetrarsólinni og algveg hreint þrýðilegu skyggni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Raforkukostnaður rýkur upp hjá garðyrkjubændum vegna tíðarinnar

Garðyrkjubændur þurfa að lýsa gróðurhús sín miklu meira en í venjulegu árferði af því að snjóá nýtur ekki við sem birta upp skammdegið.

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Garðyrkjubændur hér á landi muna ekki eftir öðru eins tíðarfari og verið hefur það sem af er vetri, en alauð jörð gerir það að verkum að þeir þurfa að lýsa gróðurhús sín miklu meira en í vanalegu árferði.

„Aukinn kostnaður vegna þess



Nú er það alsvart, maður.



Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

hleypur á hundruðum þúsunda fyrir stórframleiðendur,” segir Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands og garðyrkjubóndi í Ártanga í Biskups-tungum, „og það er bagalegt, því nú á þessum árstíma er framleiðslan á bæði blómum og grænmeti hvað mest,” bætir hann við.

Þetta séu sérstakir tímar. „Nú er það alsvart, maður,” segir Gunnar. „Suma daga birtir ekki af degi – og við þurfum því, flestir hverjir, að lýsa að minnsta kosti um fimm-tán prósentum meira en vanalega þegar snjóá nýtur við. Og

það kostar sitt,” segir Gunnar. Niðurgreiðslur ríkisins á raforku-flutningi til bænda taki ekki tillit til þessara aðstæðna og því lendi þessi þungi kostnaður að fullu á framleiðendum.

„Venjulega þegar snjórinn nær að lýsa upp mesta skammdegið getum við garðyrkjubændur slökkt á lýsingunni í upp undir sex tíma yfir hádaginn frá hausti fram á vor, en því er ekki að heilsa núna þegar það er auð jörð um allt land með viðvarandi súld sem eykur enn á dimmuna,” segir Gunnar Þorgeirsson. ■

Hljóðhönnun frá Íslandi slær í gegn

NÝSKÖPUN Sprotafyrirtækið Treble Technologies, sem þróar tækni til hljóðhönnunar, hefur safnað átta milljónum evra, eða jafnvirði 1,2 milljarða króna. Frá fjárfestum koma 5,5 milljónir evra og 2,5 milljónir evra eru styrkur frá Evrópska nýsköpunarráðinu (European Innovation Council).

Fyrirtækið þróar tækni sem gerbyltir því hvernig hægt er að hanna hljóð og skapa hljóðupplifanir. Doktor Finnur Pind, stofnandi Treble, segir fólk oft ekki átta sig á áreiti sem stafað geti af hljóði.

Fyrirtækið á þegar í samstarfi við fjölda fyrirtækja um allan heim sem nota tæknina. **SJÁ SIÐU 6**

Nýr rafmagnaður
ID. BUZZ



Atvinnubílar



Hildur vann áður Óskarsverðlaun árið 2020. MYND/AMPAS

Telja Hildi líklega á Óskarnum

kristinnhaukur@frettabladid.is

TÓNLIST Bandaríska kvikmyndatímariði Variety telur Hildi Guðnadóttur líklega til þess að fá tilnefningu til Óskarsverðlauna. Hildur samdi skor fyrir tvær nýjar kvikmyndir, sem eru þær fyrstu síðan The Joker sem Hildur hlaut Óskarsverðlaun fyrir.

Annars vegar er það kvikmyndin Tár sem fjallar um ris og fall tónlistarstjórnanda að nafni Lydíja Tár sem leikin er af Cate Blanchett. Hins vegar er það Women Talking sem fjallar um kynferðisofbeldi í kristnum sértrúarsöfnuði og skartar meðal annars Rooney Mara og Frances McDormand.

Variety segir tónlist Hildar í Tár vera lágstemmda og meira „til að finna en heyra“. Tónlistin í Women Talking sé aðgengilegasta tónlist Hildar og einkennist af kassagítar. ■

Sjónarspil við Tjörnina



Reykjavík skartaði sínu fegursta síðdegis í gær þegar þoka lagðist yfir borgina og því var líkast sem sólin hreinlega neitaði að setjast. Sólsetrið var sjónarspil sem allir gátu dæðst að um stund og gleymt stressi desember. Við Tjörnina naut fólk þess að ganga í frostþokunni og hrifast af sjónarspili náttúrunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úr engu í annríki allt árið við fossinn

bth@frettabladid.is

SUÐURLAND Töluverð örtröð var við Seljalandsfoss um helgina. Nýttu margir ferðalangar sér veitingasölu og fatabúð í eigu tveggja íslenskra vinapara í héraðinu við fossinn.

Engin þjónusta var við fossinn fyrir 2014. Nú hefur nokkur fjöldi manns atvinnu af því að þjónusta ferðafólk við Seljalandsfoss en þar eru innheimt bílastæðagjöld. Sala á lopapeysum sem eru þrjónaðar í héraðinu og margs konar veitingar skora hátt að sögn starfsmanna auk þess sem aðstaða er til að fara á snyrtingu.

Stefán Karl Arnarsson hjá Selja-veitingum sem var að störfum þegar blaðamann Fréttablaðsins bar að garði, sagði að Bandaríkjamenn og Bretar væru áberandi þessa dagana.

„Annars er þetta bland í poka. Menn koma víða að,“ segir Stefán og nefnir meðal annars ferðalanga frá Asíu.



Glæný panini-brauð runnu út eins og heitar lummur við Seljalandsfoss um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞORLÁKSSON

Spáð er átta milljónum erlendra ferðamanna hingað til lands næsta ár. Dreifast þeir á alla mánuði ársins, ólíkt því sem var. Hefði þótt langsótt ekki alls fyrir löngu að sjá fyrir sér blómstrandi rekstur allt árið, hvað þá annríki líkt og í desemberblíðunni um helgina. ■

Klippti sig eins og Giroud

Hafliði Breiðfjörð, eigandi og framkvæmdastjóri fótbolti.net, stóð við loforð sem hann gaf starfsmanni miðils síns og fékk sér HM-klippingu eins og leikmaður á HM. Hann endaði á leikmanni Frakka, hinum fjallmyndarlega Oliver Giroud.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það var ekki um auðugan garð að gresja því það er lítið um litríkar klippingar á þessu móti eins og oft hefur verið áður,“ segir Hafliði Breiðfjörð, eigandi og ritstjóri fótbolti.net, en hann klippti sig í gær eins og Frakkinn fjallmyndarlegi Oliver Giroud.


Þegar Heimsmeistaramótið í fótbolta var að hefjast voru strákarnir á skrifstofu fótbolti.net að ræða saman og samdi Hafliði við Guðmund Aðalstein Ásgeirsson um að hann myndi fá sér svokallaða HM-klippingu. HM-klippingar í gegnum tíðina hafa verið vinsælar. David Beckham birtist á HM 2002 með hanakambinn og hermdu ótrúlega margir eftir hárstil hans það sumar. Ronaldo, hinn brasilíski, birtist á sama móti með einhvern furðulegasta hártopp síðari ára og Rúmenar aflituðu hár sitt árið 1998. Svona til að taka saman nokkur dæmi.

Í ár er þó lítið um hársprell meðal leikmanna. Það eru fáir eins og Taribo West, Abel Xavier eða jafnvel Roberto Baggio með sitt hárskott. Einfaldleikinn ræður einfaldlega för enda HM í Katar þar sem ekkert öðruvísi er leyft. Ronaldo hinn portúgalski er með hálf undarlega rönd í hárinu og Íslandsvinurinn Phil Foden er með drengjaklippingu en tvær rendur í augabrúnunum sínum – sem seint verður talið mjög töff.

„Ég var fyrst að spá í að vera eins og Phil Foden en hann spilaði svo eiginlega ekkert í riðlakeppninni. Eftir að hafa skoðað þetta aðeins þá þorði ég ekki í Richarlison frá



Það eru ekki margir knattspyrnumenn sem þora að fara út fyrir rammann þessa HM keppnina. Hafliði endaði því í Oliver Giroud. MYND/ELVAR GEIR



Linda á Hárrétt í Kópavogi fékk Hafliða í stólinn til sín í gær.

Brasilíu sem er með aflitað hár og stall. Niðurstaðan var Giroud sem er með aflitadan topp.“

Giroud þessi bætti markamet Frakka á mótinu og er yfirleitt á listum flestra yfir kynþokkafyllstu leikmenn HM. Hann er 36 ára og giftur Jennifer síðan 2011 og eiga þau fjögur börn saman. Hann er



Maður á alltaf að standa við gefin loforð. Mamma kenndi mér það.

Hafliði Breiðfjörð

afar trúaður, var andlit Hugo Boss árið 2014 og valinn kynþokkafyllsti leikmaður ensku deildarinnar árið 2015.

Linda Rós á Hárrétt í Kópavogi snyrti Hafliða og gerði hann eins og franska goðið. „Toppurinn var að aflita toppinn. Það er Giroud. Það er aðalmálið. Ég er afar stoltur og glaður yfir að hafa valið Giroud en gleðst samt mest yfir að efna loforðið. Maður á alltaf að standa við gefin loforð. Mamma kenndi mér það,“ segir Hafliði. ■

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is



UMTALAÐUR

TOYOTA C-HR



Verð frá: 5.650.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga. Verð frá: 125.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Hlutur ríkisins í bönkunum telur 370 milljarða

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Óseldur hlutur ríkisins í bönkunum er metinn á 369 milljarða króna, samkvæmt svari frá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra vegna fyrirspurnar Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur, þingmanns Viðreisnar. Einnig kemur fram í svari að tillögur um breytt fyrirkomulag í tengslum við sölu-meðferð á eignarhlutum ríkisins í fjármálaframtækjum hafi ekki verið bornar undir ríkisstjórn á þessu stigi.



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

„Gert er ráð fyrir að eftir að áform um lagabreytingar og drög að frumvarpi hafa verið lögð fram til kynningar og samráðs með vanalegum hætti í samráðsgátt stjórnvalda verði tillaga um framlagningu frumvarps á Alþingi lögð fyrir ríkisstjórn,“ segir í svari Bjarna.

Ríkið fer með eignarhlut þriggja banka. Í Íslandsbanka, Landsbankanum og Sparisjóði Austurlands og sé markaðsvirði Íslandsbanka notað í stað hlutdeildarvirðis hans var samanlagt virði eignarhlutanna í bönkunum þremur um 369 milljarðar í lok júní 2022.

Þorbjörg segir áhugavert að ekki virðist einhugur um frekari sölu. Ekki síst þar sem fjárlagafrumvarpið geri ráð fyrir 76 milljarða tekjum af sölu.

„Sala myndi draga verulega úr lánsþörf á næsta ári,“ segir Þorbjörg.

„Vaxtagjöld kosta okkur sem samfélag gríðarlegar upphæðir og þann kostnað er ekki hægt að nýta í bryn verkefni. Þessi svör finnast mér bera með sér að frekari sala er í upp-námi. Það er skýrasti dómurinn um árangur fjármálaráðherra í þessu ferli,“ segir Þorbjörg. ■

Uppsögn forstjóra Sjúkratrygginga endanleg

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Ég ætla ekki að kommentera á það,“ segir María Heimisdóttir, spurð hvort hún muni hætta við að hætta ef fjárveitingar verða auknar til Sjúkratrygginga Íslands.

Heimildir Fréttablaðsins herma að uppsögn Maríu sem forstjóra Sjúkratrygginga sé endanleg. Þótt fjárveitingar yrðu auknar eins og hún kallar eftir muni hún ekki endurskoða hug sinn. Ekki sé um hótun að ræða.

María sendi samstarfsfólki sínu tölvupóst í gær þegar kvisast hafði út að hún hefði sagt upp. Í póstinum sem Fréttablaðið hefur undir höndum segir meðal annars: „Það er skemmt frá því að segja að mér hefur ekki tekist að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar – fastar fjárveitingar til okkar í dag eru beinlínis lægri á föstu verðlagi heldur en árið 2018,“ segir María og nefnir að mörg ný verkefni hafi brest við.

„Fyrir hönd stofnunarinnar ber ég ábyrgð á þessari stöðu og hlýtt að



Ég ætla ekki að kommentera á það.



María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

axla hana. Ég hef því sagt upp starfi mínu sem forstjóri. Uppsögnin tók gildi 1. desember.“

María segir að um mjög erfiða ákvörðun hafi verið að ræða.

„Það hefur hins vegar ekki tekist að styrkja rekstrargrundvöll hennar til að ná ásætlanlegum árangri – að við getum rækt lögboðnar skyldur okkar með söma og boðið samkeppnishæf laun. Við þessar aðstæður treysti ég mér því miður ekki til að bera ábyrgð á okkar mikilvægu verkefnum.“ ■

Kallar fjölmiðlalekann skemmdarverk

Kraumandi ólga innan verkalyðshreyfingarinnar eftir undirritun samnings. Forseti ASÍ segir að það yrði þungt högg fyrir samtökin ef Efling klýfur sig út úr ASÍ.

bth@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, segir að neikvæð viðbrögð hafi komið sér á óvart eftir að Starfsgreinasambandið skrifaði undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins um helgina.

„Já, það kom mér á óvart, maður sér mikinn ávinning í þessum samningi fyrir þennan hóp, ég óskaði þeim til hamingju, það náðust fram ákveðin verðmæti,“ segir Kristján Þórður.

Ragnar Þór Ingólfsson hjá VR og Sólveig Anna Jónsdóttir hjá Eflingu hafa gagnrýnt kjarasamninginn og vinnubrögðin í aðdraganda hans. Viðbrögð þeirra hafa farið illa í Vilhjálm Birgisson, formann Verkalýðsfélags Akraness. Spurður út í sambandið við Sólveigu Önnu og Ragnar Þór Ingólfsson sagði Vilhjálmur á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld:

„Ég held að það sé smá vík á milli vina. Ég held að það sé alveg ljóst. Nú verður maður bara að draga andann og átta sig á stöðunni.“

Vilhjálmur sagði að á viðkvæmum tímupunkti hafi mikilvægum upplýsingum verið lekið til fjölmiðla.

„Ég fæ þá tilfinningu að það hafi verið gert til að skemma og afvegaleiða það sem við vorum að gera. Ég er þínu sár yfir því. Samstarf fólks byggist upp á trausti, trúnaði og heildarleika,“ sagði Vilhjálmur.

„Ég lak ekki þessum upplýsingum,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir þegar hún var spurð út í ummæli Vilhjálms rétt fyrir prentun Fréttablaðsins í gærkvöld.



Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir vík á milli vina eftir kjarasamning sem SGS undirrituðu. Ragnar Þór Ingólfsson og Sólveig Anna Jónsdóttir virðast þar í brennidepli.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ég fæ þá tilfinningu að það hafi verið gert til að skemma og afvegaleiða það sem við vorum að gera.



Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélags Akraness

blaðsins í gærkvöld. „Mín afstaða er sú að ég tel að mikil mistök hafi verið gerð í aðdraganda samninganna, að menn hafi leitað í vinnubrögð ógegnisæis.“

Sólveig Anna sagði mikilvægt að allt væri uppi á borðum.

„Það á ekki að púkrast í leynum með það sem verið er að semja um.“

Ofsnemmt er að segja til um hvort Efling verði áfram eða ekki innan Starfsgreinasambandsins og ASÍ að Sólveigar sögn. Um það sé alvarleg umræða en nú fari orkan í kjarasamningagerð.

Fréttablaðið spurði Kristján Þórð hvað yrði um ASÍ án Eflingar ef félagar í Eflingu ákveða síðar útgöngu.

„Það yrði sterkast ef félögin eru öll saman í einu sambandi og gætu leitað leiða til að styrkja heildina. Það yrði högg fyrir sambandið ef svo stór samtök myndu ganga út, en við höldum í þá von að okkur takist að vinna með okkar innri mál,“ segir hann.

Ekki hefur verið boðað til formlegs fundar hjá ríkissáttasemjara í dag um framhaldið. Gert er ráð fyrir vinnufundum en forseti ASÍ væntir þess að boðað verði til formlegs fundar innan skamms.

„Það er vilji okkar megin til að halda áfram viðræðum, gera kjarasamning sem nær yfir hópana okkar,“ segir Kristján Þórður. ■

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Jeep

4XE
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS



Allt þetta íslenska



Rammagerðin — heimili íslenskra hönnuða



1 *Ilmvatnslína*
Eftir Andreu Maack.
15.900 kr.

2 *Peysa* - 100% íslensk ull
Hönnuður: Aníta Hirlekar
fyrir Rammagerðina.
Framleitt í Reykjavík.
33.500 kr.

3 *Fischer* - ilmkerfi
Handgert jólakerti Fischer
fyrir Rammagerðina.
Framleitt í Reykjavík.
10.500 kr.

4 *Ullarsokkar* - Rammagerðin
Framleiddir í Reykjavík úr
íslensku sokkabandi.
3.800 kr.

**RAMM
AGER
ÐIN** *Ísland
1940*

5 *Gler og basalt*
Hönnuður: Carissa Baktay.
Framleitt á Kjalarnesi.
65.000 kr.

6 *Teppi* - 100% íslensk ull
Hönnuður: Aníta Hirlekar
fyrir Rammagerðina.
Framleitt í Reykjavík.
33.000 kr.

7 *Hlín Reykdal*
Eyrnalokkar blóm:
18.900 kr.
Armband með blómi:
13.900 kr.
Armband/hálsmen:
22.900 kr.

8 *Bolur mánaðarins*
Hönnuður: Briet fyrir
Rammagerðina.
Einungis í Hörpu.
6.500 kr.

Skólavörðustígur 7 & 12
Harpa
Kringlan
Perlan
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Lava Centre - Hvolsvöllur

Mikilvægt að hafa lögreglu sýnilega

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Höfuðborgarsvæðið hefur verið að dragast aftur úr þegar kemur að mönnum í lögreglu,“ segir Regina Ásvaldsdóttir bæjarstjóri í Mosfellsbæ og formaður stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í bókun samtakanna frá fundi þeirra í gær er bent á að það sé mikilvægt að lögreglan sé sýnileg til að auka öryggiskennd íbúa og til að halda uppi ákveðnu öryggisstigi. Fagna samtökin þeim áformum sem endurspeglast í fjárukalögum um styrkingu lögreglunnar á landsvísi. ■



Fair þekkja unglina betur en þeir sem vinna með þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skora á borgina að endurskoða opnunartíma

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Samfés finnst það algjörlega óskiljanlegt að Reykjavíkurborg ætli að stytta opnunartíma félagsmiðstöðva.

Í yfirlýsingu Samfés í gær er bent á að samfélagið kalli eftir auknu forvarnarstarfi enda séu langtímaáhrif heimsfaraldurs á unga fólkið í auknum mæli að koma upp á yfirborðið.

„Á þessum tímamarki að hefja niðurskurðarhnifinn á loft og fara beint í að skerða mikilvæga þjónustu við börn og unglina er grátlegt.“

Á sama tíma og allar viðvörðunarbjöllur eru í gangi og rauð viðvörðun sýnileg þegar kemur að aukinni áhættuþegðun, ofbeldisdyrkun og hópamyndun barna og ungmenna úti eftir lokun,“ segir meðal annars í yfirlýsingunni.

Er skorað á borgina að endurskoða ákvörðunina. ■

Tólf hundruð milljónir króna í Treble

Treble Technologies þróar tækni sem gerbyltir því hvernig hægt er að hanna hljóð og skapa hljóðupplifanir. Fyrirtækið hefur safnað átta milljónum evra frá fjárfestum og í styrki. Doktor Finnur Pind, stofnandi Treble, segir fólk oft ekki átta sig á áreiti sem stafað geti af hljóði.

olafur@frettabladid.is

NÝSKÖPUN Sprotafyrirtækið Treble Technologies, sem þróar tækni til hljóðhönnunar, hefur safnað 8 milljónum evra, eða jafnvirði 1,2 milljarða króna. Frá fjárfestum koma 5,5 milljónir evra og 2,5 milljónir evra eru styrkur frá Evrópska nýsköpunarráðinu (European Innovation Council).

Tæknin sem Treble Technologies þróar gerbyltir því hvernig hægt er að hanna hljóð og skapa hljóðupplifanir og nýttist í mörgum greinum.

Frumtak leiddi fjármögnunarlotuna sem er á klakstigi (e. seed stage) í samstarfi við NOVA, nýsköpunararm Saint-Gobain, sem er í hópi 500 stærstu fyrirtækja heims og framleiðir byggingarefni, auk ýmissa englafjárfesta.

Treble þróar hugbúnað á sviði hljóðhermunar (e. sound simulation) sem greinir og hagnar hljóð í hvers kyns þrívíddarmodelum og hefur notagildi meðal annars við hönnun bygginga, bíla, hljóðtæknibúnaðar og sýndarheima (e. metaverse).

Tæknin, sem er einkaleyfisvarin, gerir notendum kleift að herma hljóð mun hraðar og nákvæmar en áður hefur verið hægt.

Treble á þegar í samstarfi við fjölda fyrirtækja um allan heim sem nota tæknina, svo sem nokkur stærstu tæknifyrirtæki í heimi, bílaframleiðendur og þekktar arkitektastofur.

Doktor Finnur Pind, stofnandi og framkvæmdastjóri Treble, segir að á aðeins tveimur árum hafi Treble tekist að þróa byltingarkennda tækni og hefja samstarf við leiðandi tæknifyrirtæki á heimsvísu.

„Fjármögnunin gerir okkur kleift að hleypa af stokkunum tæknilausninni og efla hana. Stefnt er á að setja hana formlega í loftið snemma á næsta ári og fjölga starfsmönnum,“ segir Finnur. Fólk átti sig oft ekki á því áreiti sem hljóð skapi.



Jesper Pedersen, stofnandi og rekstrarstjóri, Ingimar Andersen, meðstofnandi og tæknistjóri, Finnur Pind, stofnandi og framkvæmdastjóri, og Gunnar Pétur Hauksson, meðstofnandi og stjórnandi viðskiptasviðs. MYND/ADSEND



Starfsmenn Treble eru í dag 25 og fyrirtækið er um þessar mundir að ráða í fjölmargar stöður á sviði tækni- og hugbúnaðarþróunar, sölu- og markaðssetningar og þjónustu.

Rannsóknir sýni að það hefur mikil áhrif á heilsu, framleiðni og getu til að eiga samskipti.

„Okkar tækni mun leiða til þess að heimurinn – hvort sem lítið er til raunheima eða þess stafræna – mun hljóma betur og hávaði verður minna vandamál,“ segir Finnur.

Að sögn Finns er hljóð afar mikilvægt fyrir upplifun í sýndarheimum.

„En rannsóknir hafa sýnt að aukin hljómgæði þar hafa mikil áhrif á upplifun fólks, jafnvel meiri en bætt grafik. Treble stefnir á að leika stórt hlutverk í þróun hljóðs á þeim vettvangi,“ segir Finnur.

Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri og meðeigandi hjá Frumtaksi Venture, segir tæknina sem Treble hefur þróað á skömmum tíma vera stórbrotna og að hraður uppgangur fyrirtækisins sé afar eftirtektarverður.

„Við hlökkum til að styðja við frekari vöxt félagsins og útbreiðslu tækninnar sem getur nýst á fjölda-

mörgum sviðum. Möguleikar Treble eru gífurlegir og félagið er í lykilstöðu til að verða leiðandi á þessu sviði á heimsvísu,“ segir Svana.

Treble Technologies hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar á stórum alþjóðlegum ráðstefnum.

Hljóðverkfræðingarnir doktor Finnur Pind og Jesper Pedersen, sem báðir hafa mikla reynslu og þekkingu á hljóðhermun, stofnuðu Treble Technologies saman árið 2020.

Fyrstu skrefin að þróun tækninnar má rekja til rannsóknarstarfs í danska tækniháskólanum DTU sem gert var í samstarfi við svissneska háskólann EPFL og bandaríska háskólann Virginia Tech.

Þar leiddu saman hesta sína Finnur og aðrir leiðandi vísindamenn á sviði hljómburðar, ofurtölvuútreikninga og tölvunarstærðfræði í þróun byltingarkenndra nýjunga við að herma hljóð með meiri nákvæmni og skilvirkni en áður þekktist. ■

Eypór og fjölskylda enn í Grikklandi

erlamaria@frettabladid.is

SAMFÉLAG Eypór Kamban Þrastarson, sem í tvígang hefur verið meinadur aðgangur ásamt fjölskyldu sinni að flugi flugfélagsins SAS frá Grikklandi til Íslands, hefur enn ekki fengið úrlausn sinna mála af hálfu flugfélagsins. Hann íhugar nú málssókn.

Forsagan er að fjölskyldan ætlaði að fara heim til Íslands á föstudag en þegar þau bjuggu sig undir að stíga um borð í flugvél SAS var þeim meinaður aðgangur.

„Mér er alveg sama ef flugfélagið myndi setja eitthvert af sínu starfsfólki í sæti til að hjálpa okkur með barnið í neyðartilfalli, það er bara gott mál mín vegna, en að við þurfum að greiða fyrir þetta finnst mér ekki í lagi,“ segir Eypór og heldur áfram: „Við erum reyndar búin að finna íslenska konu sem er búsett hér í Grikklandi og á flug heim á föstudaginn sem gæti aðstoðað okkur. Og við erum að hugsa um að beygja okkur undir það í þessu tilfalli, því við viljum komast heim,“ segir Eypór.

Að sögn Eypórs myndi sú staða



Við erum að hugsa um að beygja okkur undir það í þessu tilfalli, því við viljum komast heim.



Eypór Kamban Þrastarson

þýða eitt. Að hann og kona hans fari í málssókn við flugfélagið SAS. „Það fer þá bara sinn farveg og þá er það bara svolítið langi leikurinn. Við sættum okkur ekki við þetta. Þetta er bara mismunun.“ ■

Gildi – lífeyrissjóður

Opinn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur verður haldinn fimmtudaginn 15. desember kl. 17:00 á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá

- Staða og starfsemi sjóðsins á árinu 2022
- Breytingar á samþykktum sjóðsins – staðan
- Breytingar á lögum um lífeyrissjóði um næstu áramót – kynning

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta og kynna sér stöðu og rekstur sjóðsins. Fundurinn fer fram á íslensku en boðið verður upp á enska túlkun á staðnum.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs



GILDI

Lífeyrissjóður

www.gildi.is

TIL HAMINGJU

með Hvatningarverðlaun ÖBÍ
Ferðamálastofa!



Verðlaunin hlýtur Ferðamálastofa fyrir verkefnið „Gott aðgengi í ferðapjónustu“. Með framsýni, samvinnu og metnaði hefur stofan sett aðgengi í forgang til að gera öllum fært að njóta þess sem ferðapjónustan býður upp á.

Áfram Ferðamálastofa! Já, megi hún halda halda áfram á sömu braut og vera öðrum stofnunum og fyrirtækjum fyrirmynd að þessu leyti. Húrra!



27 lögreglumenn komu að rannsókn málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nær eitt hundrað handteknir í Sviss

gar@frettabladid.is

SVISS Alls 96 manns voru handteknir í Sviss í september og október í tengslum við rannsókn lögreglu á dreifingu barnaniðsefnis.

Verdens gang vísar í dagblaðið Le Maiten sem segir fólkið meðal annars hafa hlaðið niður ólöglegu efni. Í kring um fimmtán af hinum handteknun séu sjálf undir lögræðisaldri. Fólkið er búsett í Vaud-kantónunni. ■



Nayib Bukele, forseti El Salvador. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óttast nú lögreglu í stað glæpaklíku

gar@frettabladid.is

EL SALVADOR Yfirvöld í El Salvador hafa náð að draga mjög úr áhrifum glæpaklíkunnar Mara Salvatrucha sem er sú hættulegasta í landinu.

Þetta hefur gerst eftir að Nayib Bukele forseti lýsti yfir neyðarástandi að sögn blaðsins El País. Það hefur þó haft sínar hliðarverkanir.

„Nú er hægt að ganga um án þess að sjá meðlimi úr glæpaklíku en ég mæli ekki með því þar sem lögreglan gæti handsamað þig, sérlega ef þú ert með húðflúr,“ lýsir hin 27 ára gamla Eva sem býr í La Montreal, vinsælu hverfi í San Salvador.

Íbúar La Montreal óttast nú mun síður Mara Salvatrucha en hræðast í staðinn lögregluna og herinn sem hafa hverfið í herkví. „Þeir geta tekið einhvern bara af því að þeim líkar ekki við hann,“ segir Eva. ■



Breski flugherinn, RAF, hefur kynnt og boðað Tempest orrustuþotuna á vefsíðu sinni. MYND/RAF

Orrustuþotur framtíðarinnar eru í þróun á teikniborðum stórþjóðanna

Japan, Bretland og Ítalía sameinast um orrustuþotu

Japan, Bretland og Ítalía eru nálægt því að ganga frá varnarsamkomulagi um nýja orrustuþotu þar sem löndin sameina krafta sína til að fjármagna milljarða dala verkefni sem getur keppt við næstu kynslóð herflugvéla.



Þriðja samstarf myndi sameina japanska F-X-verkefnið við hið ítalska og breska Tempest-verkefni.

Tempest-orrustuþota
Fyrst afhjúpuð á flugsýningunni í Farnborough í júlí 2018.

Mynd: RAF

SJÖTTU KYNSLÓÐAR ORRUSTUÞOTUR



Tempest

Tekin í notkun: 2035
Kostnaður: 30 ma. USD*
Framleiðendur: BAE Systems (Bretland) Leonardo (Ítalía)
Leysir af: Typhoon



F-X

Tekin í notkun: e. 2030
Kostnaður: 40 ma. USD*
Framleiðendur: Mitsubishi
Leysir af: F-2



Future Combat Air system (FCAS)

Tekin í notkun: 2040
Kostnaður: 103 ma. USD*
Framleiðendur: Dassault (Frakkland) Airbus (Þýskaland) Indra (Spánn)
Leysir af: Rafale, Typhoon

Next-Generation Air Dominace (NGAD)

Tekin í notkun: 2030
Kostnaður: 4.2 ma. USD**
Framleiðendur: Lockheed Martin, Boeing, Northrop Grumman, General Electric, Pratt & Whitney
Leysir af: F-22 Raptor



Mikoyan PAK DP

Tekin í notkun: eftir 2030
Kostnaður: Óþekktur
Framleiðendur: Mikoyan
Leysir af: MiG-31



Heimildir: Reuters, Bloomberg, FT, BAE Systems, Mitsubishi, FCAS

Hönnun tákna © GRAPHIC NEWS

Grafíkinn sýnir helstu sjöttu kynslóðar orrustuþotur sem nú eru í þróun.

Útgjöld til hernaðarmála 2021 í milljörðum dala

Allur heimurinn 2.113

Bandaríkin 801

Kína 293

Indland 76,6

Bretland 68,4

Rússland 65,9



Samstarfið við Breta og Ítali um þróun orrustuþotu markar vatnaskil í hernaðarsamvinnu Japana.

náðu á dögumum samkomulagi á sviði stjórnmála og iðnaðar um það hvernig halda beri verkefninu áfram.

Bandaríkjamenn og Rússar eru einnig hvorir um sig að þróa sínar eigin gerðir af sjöttu kynslóðar orrustuþotum. ■

Heimildir: Graphic News, Reuters, Bloomberg, Royal Airforce (RAF) og Financial Times.



Jólasníttur

GK VEITINGAR

Pantanir fyrir hópna og fyrirtæki á hafsteinn@betrstofan.com eða í síma 779 2416

Kínverskir geimfarar komnir heim

helgisteinar@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI Þrjú kínverskir geimfarar eru komnir aftur til jarðar eftir sex mánaða dvöl í kínversku geimstöðinni Tiangong, eða Himnahöllinni. Tilgangur ferðarinnar var umsjón með lokabyggingarstigi geimstöðvarinnar og heppnaðist verkefnið vel að sögn kínverskra geimmálayfirvalda.

Kínversku geimfararnir Chen Dong, Liu Yang og Cai Xuzhe voru sendir út í geim snemma í júní á þessu ári og snéri geimfar þeirra aftur til jarðar í fyrradag. Geimskipið Shenzhou-14 lenti í Innri-Mongólíu í norðurhluta Kína klukkan átta á mánudagskvöldið að kínverskum tíma, eða um níu tímum eftir að hafa losnað frá geimstöðinni.

Í samtali við kínverska fréttamiðla sögðu geimfararnir þrjú að þeim liði nokkuð vel eftir landing-



Liu Yang er fyrsti kvenkyns geimfari í sögu Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

una og sagði meðal annars Liu Yang að ferðin hefði verið ógleymanleg, en hún er fyrsti kvenkyns geimfarinn í sögu Kína.

Geimfararnir höfðu haft umsjón með uppbyggingu á annarri og þriðju einingu geimstöðvarinnar og fóru þar að auki í þrjú geimgöngur.

Afleysingaáhöfn var send til geimstöðvarinnar fyrir viku og

mun það vera seinasti leggur af ellifu áætlunarferðum sem Kínverjar hafa staðið fyrir. Allar ferðirnar hafa haft þann tilgang að undirbúa geimstöðina fyrir langtímaferðum kínverskra geimfara, en Kína var vikið úr Alþjóðlegu geimstöðinni árið 2011.

Samhliða alþjóðlegu geimstöðinni verður Himnahöllin önnur varanlega geimstöðin sem flýgur um sporbraut jarðar og er áætlað að hún verði starfrækt í áratug. Kína er þriðja þjóðin á eftir Bandaríkjunum og Sovétríkjunum sem hefur bæði sent geimfara út í geim og byggt sína eigin geimstöð.

Árið 2030 hyggjast Kínverjar senda mannaðar áhafnir til tunglsins og Mars og áætla þar að auki að senda ómannað geimfar til Júpíters. Lokaáætlun stjórnvalda er að Kína verði orðið leiðandi í geimrannsóknunum á heimsvísu árið 2045. ■



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

Opið ALLA daga

VESTURLANDSVEGI 9-22

HÆÐASMÁRA 10-23

Opið virka daga

SUÐURFELLI 9-18

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

- Bílaapótek Vesturlandsvegi
- Bílaapótek Hæðasmára
- Bílaapótek Suðurfelli
- Glæsibæ
- Urðarhvarfi
- Mjódd
- Apótek Suðurnesja

Renndu við

Íslenska leiðin



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er í takti við annað prinsipp-leysi í íslensku samfélagi að beggja vegna við strandlengiuna, hringinn í kringum Ísland, er þjóðin að tapa auðæfum sínum.

Fiskurinn í sjónum er orðinn að erfðagóssi örfarra fjölskyldna í landinu. Þær hafa fengið allan kvóta að gjöf frá alþýðu manna. Og það sést einna best á því að kvótaleigan er um 0,33 prósent af því sem útgerðin fær í sinn hlut, en ætti að minnsta kosti að vera fimm prósent.

Hvergi á jörðinni fær efnamesta fólk samfélagsins jafn ofsalegar niðurgreiðslur af hálfu ríkisvaldsins og hér á landi. Og það stórfurðulega í þessu öllu saman er að það er meirihluti fyrir því á Alþingi að halda þessu óbreyttu um okomin ár.

Og því eru skilaboð valdstjórnarinnar skýr. Hjálpum þeim mest sem hafa það best. Það er íslenska leiðin.

En prinsippin eru ekki bara fokin á haf út. Þau eru einnig að gufa upp inn til landsins.

Í sveitum þess er nýliðun að verða svo til ómöguleg í landbúnaði. Það stafar ekki síst af því að sterkefnaðasta fólkið í landinu, svo og auðjöfrar frá útlöndum eru farnir að kaupa upp tíðfölostu jarðirnar í landinu – og á stundum heilu dalina, ekki síst ef um þá renna eftirsóttar laxveiðiár sem er um að gera að koma í einkaeygn.

En nú eru líka aðrir hópar farnir að gera sig fyrirferðarmikla í sveitum landsins. Það eru þeir sem sjá ábatasöm viðskiptatækifæri í skógrækt á víðfedmum svæðum út til nesja og inn til dala, en með þeim uppvexti geta þeir kolefnisjafnað í þágu lítilla og stórra fyrirtækja. Og þetta er að verða meiri bisnessinn hér á landi.

Ungt og efnaminna fólk, sem langar að hefja búskap, getur ekki gert sér miklar vonir um að keppa um álitlegar jarðir við ofantéða kaupahéðna. Til þess eru bæði jarðirnar, húsa- og vélakostur af dýru verði keypt.

Og auðvitað er það í ætt við annað hér á landi að stórkaupendum jarða á Íslandi er gerður eftirleikurinn til muna auðveldari en lítilmagnans sem ætlar sér að halda landinu í byggð og yrkja þar jörðina fyrir sig og sína.

Það er engin búsetuskylda á jörðum hér á landi, eins og til dæmis í Danmörku og víðar í Evrópu þar sem stjórnvöld vilja koma í veg fyrir að sveitirnar verði að eignasafni auðmanna sem dvelja þar kannski eina og eina helgi yfir árið.

Þess vegna eru sveitirnar að tapast, rétt eins og sjórinn. Og fyrir því er líklega einnig ríkur meirihluti á Alþingi. ■



En prinsippin eru ekki bara fokin á haf út. Þau eru einnig að gufa upp inn til landsins.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði




Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Sama veðrið

Tíðarfarið það sem af er vetri – já, það heitir svo samkvæmt almanakinu – hefur verið með eindæmum og ólíkindum. Það hefur ekki hreyft veghefil svo mánuðum skiptir og saltstæðurnar inni í skemmmum og áhaldahúsum bæjarfélaganna standa þar enn í haugum, óhreyfðar að mestu. Einhverjir myndu nú halda að þetta ástand merkti atvinnumissi hjá snjómokstursmönnum þessa lands, en það er nú öðru nær. Aðspurðir segjast þeir vera á fullu í jarðvegsvinnu, því það er auðvitað ekkert frost í jörðu, svo það er verið að moka fyrir grunnum um allar jarðir. Og aðrir eru svo að taka upp túnþökur og leggja á fullbyggðar lóðir. Já, í desember...

Hljúndin

Rithöfundar þjóðarinnar sem fara nú með himinskaum í aðdraganda jóla njóta auðvitað góðs af þessu á ferðum sínum um landið við að kynna bækur sínar og sögur. Einn hópur þeirra ók um daginn norður á Sauðárkrók í brakandi blíðu og sóttist ferðin afskaplega vel, enda ekki einu sinni hálka á vegum, hvað þá snjóföf. Í kvöldblíðunni var afráðið að halda strax til baka í borgina að afloknum upplestrum. Og þegar ekið var suður af Holtavörðuheidi um hálfleitt-leytið um nóttina reyndist hitamælirinn í bílnum sýna tíu gráðu hita. ■

Þess vegna þarf að hagræða



Pawel Bartoszek
varaborgarfulltrúi
Viðreisnar

Við höfðum öll áhyggjur af því að efnahagslegar afleiðingar Covid gætu orðið enn alvarlegri en þær heilsufarslegu. Þess vegna var reynt að halda efnahagslífinu gangandi þegar allt annað stoppaði. Hjá Reykjavík var kapp lagt á að halda fjárfestingum uppi. Það tókst. Í miðri krísunni tókst enda að klára stórar framkvæmdir í Breiðholti og Úlfarsárdal og met var slegið í byggingu nýrra íbúða.

Hjá borginni var lögð áhersla á að fólk héldi vinnu. Tilgangslaust hefði verið að fylla atvinnuleysissskrár á þessum tíma. Velferðarþjónusta hélt ótraud áfram. Skólar voru opnir. Auknar sóttvarnarkröfur kölluðu á meiri mannskap en ella. Sveitarfélög fengu þennan kostnað ekki bættan nema að litlu leyti.

Við í Viðreisni í Reykjavík erum stolt af því að hafa tekið þátt í að verja störf og fjárfestingar í miðri Covid-krísu. Það jók hallann, vissulega, en það var nauðsynlegt og skynsamlegt. Eins er nú nauðsynlegt og skynsamlegt að grípa á taumana í rekstri borgarinnar. Án þess munum við lenda í ógöngum síðar meir, og verðum verr í stakk búin til að bregðast við sambærilegum krísam í framtíðinni.

Þær hagræðingaradgerðir sem Reykjavík ræðst nú í eru margvislegar. Þær felast meðal annars í lokun Bókabilsins, útboði á matarþjónustu, lækkun á styrkjum, breyttum opnunartíma sundlauga á rauðum dögum og fækkun sumarliða á leikskólum. Þara breytingartillögurnar milli umræðna spara yfir milljarð.

Slíkar upphæðir er ekki hægt að spara án þess að það reyni einhvers staðar á. En heildarsamhengið er að það er ekki hægt að reka sveitarfélag með halla til lengri tíma, þótt það hafi verið nauðsynlegt í skamma stund í Covid. Nú þegar atvinnuleysi er undir 3% er ekki lengur þörf fyrir Reykjavík að beita sínu afli til að halda uppi atvinnustigi. Þess vegna þarf að hagræða. Reksturinn þarf að vera sjálfbær til framtíðar. Án þess getum við ekki tryggt góða þjónustu. ■



Við í Viðreisni í Reykjavík erum stolt af því að hafa tekið þátt í að verja störf og fjárfestingar í miðri Covid-krísu.

ESB-óhróðursmeistari af leiðaraopnu Morgunblaðs yfir á Vísi



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaup-
sýslumaður og
stjórnsmálaráðgjafi

Hjörtur nokkur J. Guðmundsson, sem titlar sig „sagnfræðing og alþjóðastjórnsmálafræðing (MA í alþjóðasamskiptum með áherzlu á Evrópufræði og öryggis- og varnarmál)“, enginn slottitill það, hefur undanfarnir áratug skrifað óhróðurs- og rangfærslupistla um Evrópu, ESB og Evruna á leiðaraopnu Morgunblaðsins, greinilega í þágu helztu áhrifa- og ráðamanna þar, og virðist nú vera orðinn sjálfstæður leigupenni sömu afla, hefur í seinni tíð fært skrif sín mikið yfir á Vísi, væntanlega til að útvíkka lesendahópinn og dreifa óhróðri og rangfærslum um ESB betur.

Síðustu vikurnar hefur hann birt 10 greinar á Vísi, flestar í þessu sinni. Sl. fimmtudag birti hann grein á blaðinu undir fyrirsögninni „Frelsið til þess að ráða eigin málum“.

Rangfærslurnar

Í þessari grein segir hann m.a. þetta: „Innan sambandsins fer vægi ríkja fyrst og fremst eftir íbúafjölda þeirra. Því fámennari sem þau eru því minni möguleika eiga þau á því að hafa áhrif innan stofnana þess“. Svo: „Við þetta bætist að ein-



róma samþykki ríkja Evrópusambandsins við ákvarðanatöku innan þess heyrir nánast sögunni til sem komið hefur sérstaklega illa fyrir fámennari ríkis sambandsins“.

Hér fullyrðir hann, að neitunarvald sé vart eða ekki til staðar innan ESB. Ef hann er sá fræðimaður, sem hann segist vera, veit hann auðvitað betur.

Hvað er hér rétt og satt?

Þó að við séum nú þegar 80-90% í ESB, í gegnum EES-samninginn og aðild að Schengen-samkomulaginu, er möguleg full og formleg aðild feikilega stórt mál fyrir okkur, vegna þess, að fyrst með fullri aðild fengjum við setu við borðið, aðstöðu til áhrifa og valda innan sambandsins, með okkar eigin ráðherra, kommissar, eins og hin aðildarríkin, nú 27 – hvert, fjölmennt eða fámenn, hefur bara einn ráðherra – síðan fengjum við 6 þingmenn á Evrópuþingið, fulltrúa í öll

råd og allar nefndir sambandsins, og, það, sem mest er, í raun alveg afgerandi, við fengjum fullt neitunarvald til móts við alla aðra, hvað varðar alla veigamikla stefnumótun og allar stærri ákvarðanir ríkjasambandsins.

Neitunarvaldið nær til þessara sjö veigamiklu málaflokka:

- Skattlagning
- Fjárhagsáætlanir og fjármála-skuldbindingar
- Félagsleg vernd og öryggi almennings
- Samningar og ákvarðanir um upptöku nýrra aðildarríkja
- Öryggis- og varnarmál
- Samskipti og samningar ESB við önnur ríki
- Sameiginleg löggæsla sambandsríkjanna.

Ekkert mál í þessum þýðingarmiklu málaflokkum getur farið í gegn eða hlotið samþykki til framkvæmdar, nema öll aðildarríkin, og, þá, líka



Hér fullyrðir hann, að neitunarvald sé vart eða ekki til staðar innan ESB. Ef hann er sá fræðimaður, sem hann segist vera, veit hann auðvitað betur.

við, ef við værum orðnir aðilar, myndum samþykkja. Með þessu fengjum við í hendur gífurlega mikið áhrifavald á gang mála og þróun sambandsins.

Þessu neitunarvaldi er heldur ekki hægt að breyta, hvað þá að draga úr því eða fella það niður, nema að öll aðildarríkin samþykki það. Það verður auðvitað aldrei.

Valdastöður í ESB

Varðandi allar helztu valdastöður í ESB, þá ræður einstaklingurinn, hæfni hans og geta, en ekki þjóðin eða stærð hennar, sem að baki stendur. Í 10 ár, eða frá 2004 til 2014, var José Manuel Barroso, frá Portúgal, 10 milljón manna þjóð, forseti framkvæmdastjórnarinnar, og næstu fimm ár þar á eftir, frá 2014 til 2019, var Jean-Claude Juncker, frá Lúxemborg, annars minnsta aðildarríkisins, forsetinn.

Allt tal um, að stóru ríkin ráði öllu í ESB, er því algjör fjarstaða. Með

fullri aðild fengjum við stórfelldan aðgang að áhrifum og völdum, en í dag, þó að við séum með EES-samninginn og aðild að Schengen-samkomulaginu, höfum við sáralitinn aðgang til áhrifa eða valda.

Vert er líka að minna á, að hlutur kvenna í ESB er mikill, nú á tímum jafnréttis og kvenréttis, en nýlega var Roberta Metsola, 43 ára lögfræðingur frá hinu smárikinu í ESB, Möltu, kjörin forseti Evrópuþingsins, en fyrir var Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnarinnar, og Christine Lagarde, forseti Evrópska Seðlabankans.

Afstaða og skilningur landsmanna

Í nýlegum skoðanakönnunum hefur skýr meirihluti þeirra landsmanna, sem afstöðu tóku, verið hlynntur fullri aðild að ESB. Margir, sem verið höfðu tvístígandi, áttuðu sig loks á mikilvægi fullrar og órjúfandi samstöðu hinna vestrænu ríkja álfunnar, viðskiptalega, efnahagslega, menningarlega, siðferðislega og varnarlega, í ljósi árásarstríðs Pútíns á Úkraínu.

Flestir skilja nú líka, að Evrópa verður í framtíðinni að geta staðið ein, óstudd og sterk á eigin fótum. Ekki verður til langframa á Bandaríkin treystandi, yfir Atlantsála, og þar gæti líka komið annar Trump, sem myndi ekki gefa mikið fyrir Evrópu.

Margt bendir til, að NATO og ESB muni sameinast á næsta áratug, enda mikið sömu ríkin í báðum ríkjasamböndum. ■



Útfararþjónusta

í yfir 70 ár



Guðný Hildur Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri

Ellert Ingason
Sálmaskrár,
útfararþjónusta

Emilía Jónsdóttir
Félagsráðgjafi,
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
Útfararþjónusta



Magnús Sævar Magnússon
Útfararþjónusta

Helga Guðmundsdóttir
Útfararþjónusta

Hinrik Norðfjörð
Útfararþjónusta

Helena Björk Magnúsdóttir
Útfararþjónusta

Tökum á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina

- Þjónusta um allt land og erlendis

- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallegt húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á

utfor.is

Hagsmunavörðum norsks laxeldis fatast flugið

Þórólfur Matthíasson

prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands

Ola Flåten

prófessor emeritus við Háskólann í Tromsø

Anders Skonhoft

prófessor í hagfræði við Tækniháskólann í Þrándheimi

Hagfræðingarnir Ragnar Árnason og Trond Bjørndal skrifuðu saman grein í norska dagblaðið Klassekampen (Stéttarbaráttuna) þann 16. nóvember sl. undir titlinum „Verdiskaping í oppdrettsnæringu“ (Verðmætasköpun í fiskeldi). Tilefni greinarskrifa þeirra félaga var að í lok september í ár kynnti norska ríkisstjórnin áform um að leggja á sérstakt auðlindagjald (grunnrenteskatt) á norskt fiskeldi og fleiri norskar atvinnugreinar sem byggja á nýtingu náttúruauðlinda. Markmið greinar þeirra félaga er að útskýra fyrir almenningi í Noregi og lesendum blaðsins hvers vegna þeir telja að þetta sé ekki góð hugmynd. Því miður er ekki allt sem sýnist í röksemdafærslu þeirra.

Árið 2018 setti ríkisstjórn Ernu Solberg á legg nefnd sérfræðinga og fulltrúa hagsmunaaðila sem skyldi kanna með hvað hætti skynsamlegast væri að sjá til þess að almennur nyti bróðurpartans af auðlindaarði í sjókvíaelði. Í nefndinni sátu m.a. virtir hagfræðingar á sviði fiskihagfræði og fjármála hins opinbera. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar í skýrslunni Skattleggning av havbruksvirksomhet, NOU 2019:18. Meirihluti nefndarinnar lagði til viðbótarskatt á hagnað í sjókvíaelði. Með þeim hætti fengi almennur hluta af auðlindaarðinum með sama hætti og í olíuvinnslu og raforkuframléiðslu. Jafnframt hefði slík skattlagning ekki áhrif á val á fjárfestingarverkefnum, því eins og nefndin orðaði það: Verkefni sem eru arðbær án auðlindagjaldsins (grunnrenteskatt) væru það einnig þrátt fyrir álagningu gjaldsins.

Viðbrögð laxeldisöndunarins létu ekki á sér standa. Árið 2020 fólu samtök laxeldisfyrirtækja í Noregi, Sjömat Norge; þeim Ragnar og Trond, gegn greiðslu, að andmæla niðurstöðum auðlindaarðgjalðanefndarinnar. Rök þau sem þeir félagar hafa uppi í grein sinni í Klassekampen eru þau sömu og fram koma í skýrslu sem þeir sömdu fyrir Sjömat Norge. Rökin sem þeir félagar bera á borð fyrir lesendur Klassekampen eru rök hagsmuna-

varða laxeldisfyrirtækjanna, ekki rök óháðra vísindamanna. Þegar þeir félagar finna auðlindagjaldi í laxeldi allt til foráttu er það niðurstaða sem fellur vel að hagsmunum verktakans. Taki vísindamaður að sér hagsmunagæslu gegn greiðslu er almennt gengið út frá að frá hagsmunatengslunum sé greint þegar vísindamaðurinn tjáir sig um viðkomandi málefni. Þeir félagar brjóta þá reglu. Það er ókurteisi gagnvart lesendum Klassekampen að ekki sé meira sagt.

Samkvæmt skilgreiningu er auðlindaarður tengdur nýtingu náttúruauðlinda á borð við fiskistofna, fallorku, gufuorku og námur. Auðlindaarðurinn eru þær tekjur sem eftir standa þegar greitt hefur verið fyrir alla framleiðsluþætti sem koma við sögu í framleiðslunni í samræmi við það sem best gerist væru þættirnir notaðir í öðrum atvinnurekstri. Ótal kannanir sýna að auðlindaarður í norsku laxeldi er umtalsverður og á pari við auðlindaarð í raforkugeiranum í Noregi. Flåten og Tham (2019) og Greaker og Lindhold (2019) telja auðlindaarðinn 25–27 milljarða NOK árið 2016 eða 430 til 460 milljarðar ISK á verðlagi ársins 2022.

Í skýrslu sinni fyrir Sjömat Norge benda skýrsluhöfundar réttilega á að ótal framleiðsluþættir eru nýttir við framleiðslu á eldislaxi. Auk vinnuafis og fjármuna (kvíar, fóðurbátar, hafnaraðstaða, sláturaðstaða) er staðsetning einn framleiðsluþátta. Í Noregi felur staðsetning í sér aðgang að afar heppilegum aðstæðum til fiskeldis í þröngum og djúpum fjörðum þar sem hitastig er heppilegt til eldis stóran hluta ársins. Þessi hafsvæði eru yfirlýst eign norsku þjóðarinnar. Markmið ríkisstjórnar Noregs er að auðlindaarðsgjaldið (40% af umframárði) komi í stað leigugjalds fyrir afnot af þessum hafsins gæðum. Eining er meðal norskra hagfræðinga og norskra hagfræðistofnana (t.d. Hagstofunnar norsku) um umfang auðlindaarðsins í fiskeldinu. En í skýrslu sinni til Norsk sjömat fallast höfundarnir ekki á þær niðurstöður. Telja að öllum hinum hagfræðingunum hafi yfirlest mikilvægir framleiðsluþættir á borð við framlag tæknifrumkvöðla, kynbótastarf, fóðurþróun, markaðsstarf. Þeir virðast telja að allur sá umframárður sem aðrir meta sé í raun tekjur sem ættu að reiknast eigendum þessara framleiðsluþátta. Það vekur reyndar athygli að þeir skýrsluhöfundar nefna ekki neikvæð áhrif eldisins á borð við erfðamengun gagnvart



Eldislax stendur yfirleitt þétt í kvíum. Aukinn þéttleiki bæði í kvíum og í fjölda kvía á ákveðnu hafsvæði skapar neikvæð rekstrarleg áhrif.

villtum laxi, bætt líffskilyrði fyrir sníkjudýr á borð við laxalús og saur- og lyfjamengun í nágrenni kvíanna. Reikna ætti fyrirtækjum og almennum borgurum sem verða fyrir skakkaföllum vegna þessara neikvæðu umhverfisáhrifa bætur. Þá ber einnig að hafa í huga að það hafsvæði sem nýtt er undir laxeldi verður ekki notað til frístundaathafna eða til atvinnureksturs (siglinga, veiða eða ferðamennsku).

Eldislax stendur yfirleitt þétt í kvíum. Aukinn þéttleiki bæði í kvíum og í fjölda kvía á ákveðnu hafsvæði skapar neikvæð rekstrarleg áhrif. Ekki bara fyrir aðila sem standa utan laxeldisins heldur einnig gagnvart öllum öðrum sem stunda laxeldi, jafnvel á fjarlægum eldisstöðum. Mengun sjávar í nágrenni kvíanna eykur hættu á sjúkdómum í laxinum. Þess vegna hefur greinin fallist á að settar séu reglur um hversu þétt eldisstöðvar geta verið. Sömuleiðis hefur greinin orðið að fallast á að tillit sé tekið til hagsmuna farskipa og fiskiskipa auk annarra. Nú, þegar staðan er sú að norskir laxeldisaðilar hafa

fákeppnisstöðu á heimsmarkaði hefur greinin sem heild hagsmuni af að halda aftur af fjölgun eldisstöðva af markaðsástæðum. Skýrsluhöfundarnir láta að því liggja að takmarkanir á fjölda leyfa til að setja upp kvíar sé uppfinning skriffinna sem vilja flækjast fyrir. Eins og þegar hefur verið rakið hefur greinin sjálf mikla hagsmuni af að fjöldi kvía sé takmarkaður. Ef engar takmarkanir væru á uppsetningu nýrra kvía myndi ríkja algjör ringulreið sem á endanum kynni að leiða til kollsteypu og eyðileggingar. Þetta hefur gerst annars staðar í heiminum, t.d. í Síle. Vandinn við leyfisveitingarnar í Noregi er að framleiðsluheimildirnar eru afhentar ókeypis eða nánast ókeypis. Þess utan hafa leyfin verið veitt án tímatakmarkana. Lögjafinn og framkvæmdavaldið hafa reynt að lagfæra þetta nokkur síðustu árin með því að selja ný leyfi á uppboðsmarkaði. Ofurhagnaðurinn í greinin er fyrst og fremst tilkominn vegna þess að laxeldisfyrirtækin fá aðgang að hafi, fjörðum og strönd án þess að eðlileg greiðsla komi fyrir. Laxeldisfyrirtækin eiga ekki hafið, firðina eða strandsvæðin. Þeir framleiðsluþættir eru eign norsku þjóðarinnar.

Leyfiskerfið í laxeldinu veitir þeim framleiðendum sem þegar eru inni í greininni skjól og takmarkar framleiðslu og útflutning á eldislaxi frá Noregi. Noregur framleiðir meira en helming þess sem framleitt er af Atlantshafslaxi í heiminum og útflutningur landsins hefur áhrif á heimsmarkaðsverðið. Sú hækkun markaðsverðs sem er afleiðing leyfiskerfisins eykur auðlindaarðinn í greininni. Rannsóknir

sýna að þessi þáttur einn skýrir um 40% af umfangi auðlindarentunnar í norsku fiskeldi.

Skýrsluhöfundarnir skýra ofurhagnað í norsku laxeldi með öðrum hætti en aðrir hagfræðingar. Þeir telja að þessi ofurhagnaður séu tekjur skapaðar af framlagi sérfræðinga á borð við líffræðinga, markaðsfræðinga, lífeðlisfræðinga, verkfræðinga og annarra rannsakenda og frumkvöðla, tekjur sem eru umfram það sem þessir aðilar gætu skapað í annarri starfsemi en fiskeldi. Ef fylgja á röksemd þeirra skýrsluhöfunda liggur fyrir að þessar tekjur hafa runnið til eigna fiskeldisfyrirtækjanna en ekki starfsmannanna sjálfra. Hér er því komið dæmi um það sem Karl Marx nefndi arðrán í sínum skrifum. Það er með öllu óeðlilegt að umframárður af starfi opinberra rannsóknarstofnana eða starfi sjálfstæðra rannsóknaraðila sem gjarnan njóta opinberra styrkja renni til eldisfyrirtækjanna. Ríkisstjórn Noregs vill að hluti af umframhagnaði laxeldisins renni til almennings. Einstök laxeldisfyrirtæki og hagsmunasamtök laxeldisfyrirtækjanna berjast gegn því með aðkeyptri aðstoð almannatengla, lögfræðinga, blaðamanna og einstaka vísindamanna. Þessar aðferðir dugðu til að koma í veg fyrir að auðlindagjald yrði að veruleika strax í kjölfar skýrslunnar NOU2019:18. Vonandi gengur þeim ekki eins vel í þetta skipti. Norskur almennur á það skilið. ■

Höfundar hafa hvorki fjárhagsleg né önnur tengsl við laxeldisfyrirtæki eða samtök þeirra. Greinin er nokkuð ítarleg útgáfa greinar sem birtist í Klassekampen 1. desember 2022.

BÆJARBÍÓ

Gjafakort í Bæjarbíó er góð gjöf

Öllum gjafabréfum 15.000 kr og hærri fylgja 2 frídrykkir

Gerum tilboð í stærri fyrirtækja pantanir á gjafakort@bbio.is

Allar nánari upplýsingar í síma 665-0901

Í HJARTA HAFNARFJARÐAR

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 6. desember 2022



**SOFÐU VEL
UM JÓLIN**



Mjúku pakkarnir frá Svefni & heilsu eru sívinsælir undir jólatréð enda innihalda þeir vandaðar og góðar vörur, segir Sigurður Matthíasson, forstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bestu jólapakkarnir oft mjúkir

Svefn & heilsa býður upp á gott úrval vandaðra vara sem henta vel í jólapakkann. Þar má helst nefna lök, sængurverasett, kotta, sængur, sloppa, handklæði og rúmteppi í ýmsum litum, gerðum og verðflokkum. Einnig er jólailmurinn frá Durance mjög vinsæll fyrir jólin. **2**

Svefn & heilsa
★★★★★

WWW.SVEFNOGHEILSA.IS



Bodyprint heilsukoddi og kælikoddi eru vinsælar jólagjafir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Mjúku pakkarnir frá Svefni & heilsu eru sívinsælir undir jóla-tréð hver jól enda innihalda þeir vandaðar og góðar vörur sem eiga það sameiginlegt að auka vellíðan okkar í svefnherberginu og gera herbergið um leið fallegra, segir Sigurður Matthíasson, forstjóri Svefns & heilsu.

„Við bjóðum upp á fjölbreytt vöruúrval allan ársins hring af rúmum og dýnum en fyrir jólin selst mest af sængurverasettum, koddum, sloppum, lökum, hlífðarlökum, handklæðum og rúmteppum enda vörur sem henta vel í jólapakkann fyrir fólk á öllum aldri.“

Svefn & heilsa er með mikið úrval af sængurverasettum, um 150 tegundir frá fjórum vönduðum framleiðendum að sögn Sigurðar. „Við bjóðum upp á gæða-sængurverasett í alls kyns litum, mynstrum og stærðum.“

Lökin eru sívinsæl

Vinsælasta varan fyrir jólin að sögn Sigurðar eru lökin. „Svefn & heilsa býður upp hágæða teygjúlök í mörgum skemmtilegum litum frá Vandyck. Þau eru gerð úr 95% bómull og eru með mjúki aloe vera-áferð. Teygja er í kring svo lakið passi fullkomlega á dýnuna. Þessi lök eru straufri og hlaupa ekki í þvotti.“

Fátt er mikilvægara fyrir góðan svefn en góð sæng og koddur og Svefn & heilsa býður upp á mjög gott úrval af báðum vörutegundum. „Hjá okkur má finna sængur úr íslenskri ull, andardúns- og gæsadúns-sængur sem eru ýmist heilsársængur eða vetrarsængur.“

Koddarnir koma svo í ýmsum gerðum, til að mynda bjóðum við upp á heilsukodda frá Bodyprint sem styður vel við hálsinn, anda- og gæsadúnskodda og ullarkodda, auk sérstaks kælikodda en allt eru þetta vinsælar jólagjafir.“

Sloppur er sigild jólagjöf

Hlýr og fallegur sloppur er sigild



Úrval af sængurverasettum.



Sigurður Matthíasson við hliðina á NÓTT sem er ný Íslensk ullardýna.

jólagjöf en hjá Svefni & heilsu má finna mikið úrval af sloppum.

„Þetta eru mjúkir og þægilegir sloppar og koma í mörgum skemmtilegum litum og gerðum, með eða án hettu. Fallegur sloppur er sannarlega góð jólagjöf sem lifir lengi.“

Svefn & heilsa er einnig með mikið úrval af fallegum rúmteppum sem setja skemmtilegan svip

á svefnherbergið. „Rúmteppin okkar koma í mörgum litum og stærðum, stundum með koddum í stíl,“ segir Sigurður.

Áralöng þjónusta

Svefn & heilsa býður sennilega upp á landsins mesta úrval af rúmum og dýnum enda sefur um fjórðungur landsmanna á dýnum frá versluninni samkvæmt



Koddarnir frá Svefni & heilsu eru vinsælar jólagjafir.



Svefn & heilsa selur mikið úrval af lökum frá Vandyck.

könnun Gallup, segir Sigurður. „Við erum búin að þjónusta landsmenn lengi en sjálfur byrjaði ég að selja dýnur árið 1991. Svefn & heilsa var líka fyrsta verslunin til að bjóða upp á svokallaðar heilsudýnur sem í dag eru mjög vinsælar. Við bjóðum upp á úrval af heilsudýnum í mörgum verðflokkum.“

Sigurður vill meina að Svefn &

heilsa sé ekki dýr verslun heldur bjóði hún upp á mjög góð rúm á góðu verði. „Sem dæmi er verð á heilsudýnu 90x200 frá 39.900 kr. Sjón er sögu ríkari og ég vil bara hvetja sem flesta til að kíkja til okkar á adventunni og finna réttu jólagjöfina.“ ■

Nánar á svefnogheilsa.is.

Fasteignablaðið

49. TBL. 6. DESEMBER 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
 FASTEIGNAMIÐLUN

EIGNABORG
 FASTEIGNASALA

www.eignaborg.is

ÁRANGUR Í SÖLU FASTEIGNA


 ÓSKAR BERGSSON LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
 SÍMI 893 2499 OG oskar@eignaborg.is

Falleg eign á eftirsóttum stað

Híbýli fasteignasala, sími 585-8800, kynnir í einkasölu fallegt og mjög mikið endurnýjað parhús á eftirsóttum stað við Hávallagötu í gamla Vesturbænum. Eignin er 212,7 fm og þar af er bílskúr 29,3 fm.

Möguleiki er að útbúa aukaíbúð með sérinngangi í kjallara.

Flísar á gólfi í forstofu. Eldhúsið var endurnýjað 2013 af Studio striki, falleg viðarinnrétting með góðu skáplássi, tvöfalt quartz á borðum með góðu vinnuplássi, eyja er áföst við vegg en unnt að sitja við. Gaseldavél, tækjaskápur, flísar á gólfi og á efri hluta veggja. Gluggi.

Setustofan er rúmgód og björt, opin við eldhús, gólf eru flotuð og lökkuð. Borðstofa er opin við setustofu, rúmgód og björt. Gólfín flotuð og lökkuð. Útgengi á svalir sem snúa í suður og þaðan niður í garðinn fram við húsið sem er mjög snyrtilegur, hellulagður að hluta og með finni steinmöl að hluta. Geymsla er á milli eldhúss og stiga. Mögulegt væri að koma þar fyrir gestasalerni.

Gengið er upp steypant og teppalagðan stiga á efri hæð. Þrjú gluggar við stiga og stigapall sem gefa mikla birtu. Stigapallur er teppalagður. Rúmgott herbergi með fallegu, ljósu parketi á gólfi. Miklir fataskápar. Tvö herbergi í viðbót og er annað nýtt sem sjónvarpsherbergi í dag. Badherbergi var endurnýjað 2015/2016. Flísar á veggjum og gólfi. Flísalagður sturtuklefi með glerhlíðum, upphengt salerni, veggskápar með speglahurðum á hægri hönd. Gluggi.

Í kjallara var áður íbúð með sérinngangi og það væri hægt að breyta því þannig aftur. Þrepnið eru með dúk en gangur tengir saman rýmin. Parket á gólfi. Rúmgott herbergi, ljóst parket á gólfi og gluggar sem snúa út í garð. Salerni er undir stiga. Þvottahús með flísum á gólfi, sturta og gluggi. Geymsla sem áður var eldhús.



Húsið stendur við Hávallagötu og er því í göngufæri við miðbæinn.



Húsið hefur allt verið tekið í gegn og lítur vel út.

Bílskúrinn hefur verið endurnýjaður, þak, bílskúrshurð með rafmagnsopnun, gluggar á hliðinni sem snúa út í garðinn fyrir aftan húsið. Rafmagn og hiti.

Í bakgarði eru veglegir sólpallar, glerhýsi með kamínu sem einnig væri hægt að nýta til ræktunar. Innkeyrsla og gangstétt hellulagt og snyrtilegt. Pláss fyrir 2-3 bíla á plani. Húsið var múrviðgert og endursteynt árið 2012. Gluggar og gler endurnýjað 2012 og sömu-leiðis voru klóaklagirnir undir húsinu fódraðar sama ár, drenað var

við húsið og settur nýr brunnur. Þakjárn var yfirfarið, þússað og málað árið 2022. Neysluvatnslagnir voru endurnýjaðar árið 2013 og 2015.

Falleg eign sem er vel staðsett á vinsælum stað. Stutt í alla helstu verslun og þjónustu. Í göngufæri við miðbæinn. ■

Nánari upplýsingar á skrifstofu Híbýla eða á netfanginu olafur@hibyli.is, Ólafur Már Ólafsson, löggtur fasteignasali, sími 865 8515.

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUN 1995

Ingólfur Geir Gissurarson Frákvæmdastjóri, löggtur fasteignasali, leigumíðlari 896 5222 ingolfur@valholl.is	Heiðar Friðjónsson Sölustjóri, löggtur fasteignasali B.Sc 693 3356 heiðar@valholl.is	Hildur Harðardóttir Lögfræðingur, löggtur fasteignasali, skjalagerð. 897 1339 hildur@valholl.is	Snorri Snorrason Löggtur fasteignasali 895 2115 snorri@valholl.is	Hólmfríður Björgvinsdóttir Ritari 588 4477 ritari@valholl.is
Jónas H. Jónsson Löggtur fasteignasali Eignaskiptayfirlysandir 842 1520 jonas@valholl.is	Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718 petur@valholl.is	Anna F. Gunnarsdóttir Löggtur fasteignasali Listi og innanhús stílisti 892 8778 anna@valholl.is	Sturla Pétursson Löggtur fasteignasali 899 9083 sturla@valholl.is	Elin Viðarsdóttir Löggtur fasteignasali 695 8905 elin@valholl.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

2002-2022

Á traustum grunni í 20 ár



Grensásvegur 3, 2 hæð 108 Reykjavík Sími 530 6500 heimili@heimili.is heimili.is



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Óskum eftir öllum gerðum
íbúðarhúsnæðis á söluskrá

Skoðum og verðmetum samdægurs

Sanngjörn sölupóknun

Erum með fjölda áhugasamra
kaupenda að ýmsum gerðum
íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu

Mánatún 6 - 3ja herbergja íbúð- svalir til suðvesturs.



Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega góð og vel skipulögð 3ja herbergja 127,4 fermetra íbúð á 2. hæð að meðaltal sé geymslu í kjallara í lyftuhúsi við Mánatún. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bilageymslu.
- Mjög rúmgóð stofa með útgengi á flisalagðar og skjólsælar suðvestur svalir. Bæði svefnherbergin eru mjög rúmgóð. Þvottaherbergi er innan íbúðar.
- Húsið er klætt að utan með áli og því viðhaldslítið. Lóðin er með hellulögðum stéttum, góðri aðkomu og fjölda bílastæða.
- Afar góð staðsetning miðsvæðis í borginni.

Verð 84,9 millj.

Við Apavatn

Höfum til sölu sumarhús á eignarlandi. Einnig er til sölu lóðin við hliðina.

Grímsnes - Kiðjaberg - Öndverðarnes: Sumarhús óskast

Óskum eftir glæsilegu sumarhúsi, heilsárshúsi í sumarhúsabyggð í Kiðjabergi eða Öndverðarnesi fyrir traustan kaupanda.

Fróðabing - Kópavogi



- Vel skipulagt einbýlishús við Fróðabing nr. 3 í Kópavogi. Húsið er byggt árið 2008 og er einstaklega rúmgott fjölskylduhús þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að útbúa aukaíbúð.
- Eignin stendur á 750,0 fermetra lóð sem er frágengin að mestu með tyrfðum flötum, fallegum hlöðnum veggjum og skjólsælli víðarverönd á baklóð með heitum potti.
- Á neðri hæð eru forstofa, hol, eldhús, samliggjandi glæsilegar stofur, gestasnyrting, þrjú herbergi, baðherbergi og bílskur sem innangengt er í úr forstofu.
- Á efri hæð hússins eru sjónvarpshol, fjögur barnaherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og hjónasvita sem er bæði með baðherbergi og fataherbergi innan.
- Í kjallara hússins eru 12,9 fermetra geymsla og óskráð og um 70 fermetra gluggalaust rými.
- Gólfhitakerfi er í húsinu og mikið er lagt í raflagnir og tölvulagnir. Innfæld lýsing er í loftum í stórum hluta og innbyggt ryksugakerfi er í húsinu.

Verð 235,0 millj.

Naustavör 58 - Nýjar og glæsilegar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kóp.



- Naustavör 58 er 4ra hæða nýbygging í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Um er að ræða 2ja - 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem eru til afhendingar í mars 2023.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústækni og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar verða afhent án gólfefna, en flisar verða á gólf í baðherbergi og þvottaherbergi.
- Staði í bilageymslu fylgir öllum íbúðum.
- Byggingaraðili er Byggingarfélag Gyfla og Gunnars hf., www.byggj.is

Aðeins 7 íbúðir óseldar auk einnar 2ja herbergja íbúðar í nr. 52

Parft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina?
Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærrri eða minni eignir.

Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.

<https://www.facebook.com/fastmark.is> - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR




intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Víðimelur 63, 107 Rvk., 1.hæð + aukaíbúð.
OPIÐ HÚS ÞRI 6/12 KL. 16:00-17:00.



Rúmgóð hæð í þrjú íbúðum með þremur svefnherbergjum, stórum stofum, eldhúsi og baðherbergi. Tvennar svalir og gengt frá öðrum út í garð. Í kjallara fylgir stúdíóíbúð auk geymslna og sameiginlegs þvottahúss. Hæðin og stúdíóíbúðin eru smekklega endurnýjuð. **Opið hús þriðjudaginn 6 desember kl. 16:00-17:00, verið velkomin. Verð 115 millj.**

Skeljagrandi 7, 107 Rvk., 1. hæð.
OPIÐ HÚS ÞRI 6/12. FRÁ KL. 16:30-17:00 .



Snyrtileg og björt 134,7 fermetra 5 herbergja endaíbúð í 6 íbúða litlu fjölbýli með sérinnangi á jarðhæð á þessum vinsæla og eftirsóttasta stað í Vesturbæ Reykjavíkur. Fjögur svefnherbergi. Birt stærð er skráð 134,7 m² þar af er íbúðin er skráð 106,4 m² og bílageymsla 28,3 m². Íbúðinni fylgir stór geymsla í kjallara (13,3 m²) sem ekki er skráð inni í fermetratölu íbúðar. **Opið hús þriðjudaginn 6. desember kl. 16:30-17:00 verið velkomin. Verð 74,9 millj.**

Keilugrandi 6, 107 Rvk., 1.hæð.
OPIÐ HÚS ÞRI 6/12 KL 17:15-17:45.



Keilugrandi 6, 1.hæð. Laus fyrir jóla. Falleg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Keilugranda. Endurnýjað eldhús, tengt fyrir þvottavél á baði. Tvö svefnherbergi og tvennar svalir, í suður frá stofu og í norður frá hjónaherbergi. Staði í bílageymslu fylgir og með því telst eignin rúmlega 108 fermetrar. Glæsileg íbúð á góðum stað. **Opið hús þriðjudaginn 6. desember kl. 17:15-17:45, verið velkomin. Verð 64,9 millj.**

Dúfnahólar 2, 111 Rvk., 4.hæð.
OPIÐ HÚS MIÐ 7/12 KL 16:45-17:30.



Rúmlega 77 FM 3ja herbergja falleg og mikið endurnýjuð íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Tvö svefnherbergi. Nýlegt harðparket. Endurnýjað eldhús. Rúmgóðar svalir frá stofu. **Verð 47,5 millj. Opið hús miðvikudaginn 7. desember kl. 16:45-17:30, verið velkomin.**

Hvassaleiti 50, 103 Rvk.,
VANDAÐ PARHÚS Á ÞREMUR HÆÐUM.



Ca. 326 fm. mjög vandað parhús á frábærum stað við Hvassaleiti. Fimm svefnherbergi, rúmgóðar stofur og sólstofa, innbyggður bílskúr. Gengt frá sólstofu á pall og þaðan í fallegan garð. Möguleiki að útbúa séríbúð í kjallara. Húsið hefur fengið gott viðhald. **Verð 185 millj. Velkomið að bóka tíma fyrir skoðun: 552-1400 eða fold@fold.is**

Ásakór 10, 203 Kóp.,
4RA HERBERGJA + BÍLAGEYMSLA.



Falleg og björt 149,9 fm 4ra herbergja íbúð við Ásakór 10 í Kópavogi ásamt staði í lokaðri bílageymslu. Mikið útsýni. Góð staðsetning þar sem stutt er á golfvöllinn og í aðra þjónustu. Velbyggt hús sem hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Húsið er arkitektarhús frá Arkís. Stigagangur lokaður af með glerveggjum. Falleg hönnun. **Verð 89, 9 millj. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun: hordur@fold.is / 899-5209.**

Síðumúli,

GOTT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Á 2. HÆÐ.



Bjart og gott ca. 160 fm. skrifstofuhúsnæði á annarri hæð við Síðumúla. Húsnæðið skiptist í fjögur herbergi, opið rými, eldhús, tvær snyrtingar og ræstikompu. Húsnæðið er laust til afhendingar. Frábær fjarfestingarkostur fyrir áramót. **Verð 59 millj. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun: fold@fold.is / 552-1400.**

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Þú finnur okkur á fold.is

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær, Mosfellsbær,
Reykjavík: Bryggjuhverfi, Miðbær og Vesturbær



BEIMABRYGGJA 42 · 110 RVK.




73,1
ferm.

3ja
herb.

405
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.340.468 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 213.876 kr.
Mögulegt lán: 4.670.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miður janúar.

PVERHOLT 13 · 270 MOS.




73,3
ferm.

2ja
herb.

102
íbúð nr.

Búseturéttur: 6.519.870 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 213.503 kr.
Mögulegt lán: 1.700.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Lok janúar.

PVERHOLT 17 · 105 RVK.



95,5
ferm.

3ja
herb.

202
íbúð nr.

Búseturéttur: 11.829.842 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 266.403 kr.
Mögulegt lán: 5.914.900 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miður janúar.

KEILUGRANDI 5 · 107 RVK.



107,9
ferm.

5
herb.

103
íbúð nr.

Búseturéttur: 13.130.774 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 274.607 kr.
Mögulegt lán: 6.565.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miður janúar.

EINHOLT 8 · 105 RVK.



164,7
ferm.

5
herb.

201
íbúð nr.

Búseturéttur: 16.630.243 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 386.545 kr.
Mögulegt lán: 8.315.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

MARIUGATA 7 · 210 GBR · MARIUGATA.BUSETI.IS



Tvær lausar íbúðir við Mariugötu 7 Urriðaholti

Við eigum tvær íbúðir í nýbyggingar-
verkefni okkar við Mariugötu 7 í Garðabæ
lausar til umsókna. Húsið er vel staðsett í
jaðri hverfisins með útsýni yfir gróðin svæði
og náttúru- og útivistarperlur í grennd.
Allar upplýsingar um framboð íbúða og
nýbyggingarverkefnið má nálgast á vefnum
mariugata.buseti.is. Þar má einnig sækja
um íbúðir eða á vef okkar buseti.is

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:



ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,
skyldutryggingar, hiti,
fasteignagjöld, hússjóður,
þjónustugjald og framlag
í viðhaldssjóð.

VERTU Í SAMBAND

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000



Með því að
skanna QR kóðann
opnast síðan
Lausar íbúðir
á vef Búseta.



NÝTT Í SÖLU

Sótt er um á vef Búseta, www.buseti.is

Umsóknarfrestur: Til 14. des. kl. 16:00.
Rafræn úthlutun: 15. des. kl. 10:00.
Umsækjendum er ráðað í röð þar sem
hæstbjóðandi er efstur. Þegar um
sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er
farið eftir félagsnúmeri.

vinnvinn

SOFÐU VEL UM JÓLIN



2019-2022 Fyrirmyndarfyrtæki í rekstri Vísindalegt Skoðan

2022 Framúrskarandi fyrirtæki

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
VÖNDUÐUM
HEILSURÚMUM



EITT MESTA
ÚRVAL AF
HEILSUDÝNUM
Á LANDINU



PANDORA
STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL



VANDAÐAR
SÆNGUR OG
KODDAR Í
ÚRVALI



VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S: 581 2233

BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150

OPIÐ:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
LAUGARDAGA....KL. 12:00 - 16:00


UMBODSADILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR

Svefn & heilsa



WWW.SVEFNOGHEILSA.IS



Bílar & Farartæki



Nýr 2022 Peugeot Boxer PRO L3H2 140 hð. Nú fer að koma sá tími þar sem gott er að setja kostnað á fyrirtækið fyrir áramót. Ekki vera of seinn því það er allt að seljast upp og lítið um sendibíla. Verð kr. 5.790.000,- án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
- MED HJÁLPI AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

vatnsvorn.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

DYRASÍMAR WIFI-NET
SJÓNVARP Uppsetning - viðhald
Rafeindameistarinn ehf 777-4944

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagn.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



JS LJÓSAMÍDJAN
MÉLAVERKSTEDI
SLATTUMLÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga



NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggia megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihúðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög göðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Náma við Breiðárlón á Breiðamerkursandi, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skiplag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 5. janúar 2023.



Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

Allt að 500 MW vindorkugarður í Klausturseli

Zephyr Iceland ehf. hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli í Múlaþingi.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. janúar til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skiplag.is.

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga vegna Hvannavalla 6

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 23. nóvember sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Á svæði sem áður var endastöð og hringakstur Strætó við Hvannavelli er gert ráð fyrir lóð fyrir parhús á einni hæð.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2, frá 6.12.2022. Einnig er hægt að kynna sér tillöguna á hfj.is/skiplag.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 17.01.2023 á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða stílaðar á:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðgjöf og ráðningum. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Stutt innslag um heilbrigð sambönd eftir ofbeldissamband



Karen Birna V. Ómarsdóttir
ráðgjafi í Bjarkarhlíð

Það er eðlilegt að vera á varðbergi gagnvart fólki eftir að hafa þurft að þola ofbeldi í nánú sambandi. Í slíku sambandi getur einstaklingur verið orðinn vanur hegðun sem var beitt til þess að brjóta niður sjálfs-traustið, skerða mörk og getu til þess að standa með sjálfum sér. Eftir slík sambönd tekur við ákveðið bataferli og einn hluti af því er að læra að tengjast aftur innsæi sínu og getu til að treysta aftur.

Það er mikilvægt að hafa nokkra þætti í huga þegar tekið er skref í átt að nýju sambandi eftir óheilbriggt samband. Góð samskipti eru lykillinn að því að eiga í heilbrigðu sambandi við aðra manneskju hvort sem um parasamband eða samband við fjölskyldu og vini er að ræða. Gagnkvæm virðing er sýnd gagnvart tilfinningum, mörkum, skoðunum og rétti til einkalífs. Einnig er mikilvægt að styðja við maka sinn og fá gagnkvæman stuðning. Manneskja á ekki að tyna sjálfri sér í annarri manneskju heldur hafa rými til að vaxa, rækta áhugamál og verja tíma með fjölskyldu og vinum.

Í ofbeldissambandi hefur manneskja vanist því að tipla á tánum og vera tilbúin til þess að breyta öllu í eigin fari til þess að forðast árásir frá maka sínum. Hlusta á ljót orð í eigin garð sem reynt er að horfa fram hjá en gleymast í raun ekki og skilja eftir sig sár. Eftir að hafa verið í slíkum aðstæðum getur reynst erfitt að lesa ekki í hvert orð, hreyfingu og jafnvel andardrátt hjá nýjum maka. En tíminn leiðir í ljós að ekki er þörf að huga að þessum hlutum. Sem dæmi má taka getur ósætti í nýju sambandi vakið upp erfiðar tilfinningar og algengt er að einstaklingur leiti í sömu viðbrögð og hann hefði gripið í ofbeldissambandi. Mikilvægt er að vita að það er eðlilegt að taka sér pásu og fá rými til að ná andanum og hugsa hvernig sé best að takast á við aðstæður. Einnig er mikilvægt fyrir nýja makann að vita af þessum kveikjum svo að mögulegt sé að mæta hinum aðilinum á þeim stað sem hann er og sýna honum virðingu og skilning. Í öllum samböndum kemur upp ósætti og fólk getur rifist. En munurinn er sá að tekist er á við ósætti eða rifrildi með yfirvegum og virðingu. Í heilbrigðu sambandi mætast báðir aðilar á jöfnum grundvelli og reyna að finna lausn á vandanum sem í sumum tilfellum getur verið að vera sammála um að vera ósammála.

Ferlið verður að byrja innra með okkur. Gott er að vita gildin sín og hvar mörkin okkar liggja ásamt því



Gagnkvæm virðing er sýnd gagnvart tilfinningum, mörkum, skoðunum og rétti til einkalífs.

að vita hvaða væntingar við gerum til sambanda. Einstaklingur á aldrei að þurfa að breyta sjálfum sér eða maka sínum til þess að sambandið gangi. Mundu að þú átt rétt á því að þér sé mætt sem jafningja og afvirðingu. Heilbrigð samskipti er eitthvað sem mörgum kann að finnast flókin og það er í lagi. Að breyta samskiptamynstri sem einhver hefur vanist jafnvel frá því í barnæsku er mikil æfing. Því er gott að hafa augun opin fyrir því hvort að nýja manneskjan sem komið hefur inn í líf þitt er tilbúin að mæta þér.

Mikilvægt er að taka fram að sárin sem ofbeldissambönd skilja eftir sig eru flókin. Gott getur verið að fara í gegnum þau sár með fagaðila sem þekkir inn á eðli ofbeldis. Ég vil því benda á að hægt er að bóka tíma hjá ráðgjöfum Bjarkarhlíðar fyrir 18 ára og eldri. Einnig er hægt að lesa nánar um heilbrigð og óheilbrigð sambönd á sjukast.is ■

Greinin birtist í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi

Opið bréf til Sigurborgar Daðadóttur, yfirdýralæknis Matvælastofnunar

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir
dýravinnur

Í frétt á visi.is, sem birtist þann 17. nóvember sl., og varðar dýr í mikilli neyð á Nýjabæ í Borgarfirði, er haft eftir þér að þú takir það sérstaklega fram að ekki hafi verið um að ræða harðýðgi eða sveltí gagnvart dýrum á umræddum bæ. Þetta segir þú þrátt fyrir að myndir hafi birst af grindhoruðum og sýnilega þjáðum dýrum á bænum.

Þú tekur fram að það hafi verið „langt frá því að þau væru að svelta“. Loks er eftirfarandi haft eftir þér: „Það er mjög leiðinlegt að allir einhvern veginn bara trúu öllu sem sagt er“. Ekki er á þér að heyra að þér finnist „leiðinlegt“, hvað þá alvarlegt, hvernig komið er fyrir þessum vesalings skepnum.

Hvernig skyldi nú standa á því að „allir einhvern veginn bara trúu öllu sem sagt er“, eins og þú orðar það? Það skyldi þó ekki vera vegna þess að fréttamyndir af vesalings dýrunum á viðkomandi bæ tala sínu máli með sláandi hætti? Þetta eru myndir af svo grindhoruðum og þjáðum dýrum að þau líkjast frekar beinagrindum en lifandi dýrum.

Að þínu mati er um „vanfóðrun“ að ræða, en þó „langt frá því að þau væru að svelta“ – að þínu mati. Mér er spurn hversu langt „vanfóðrun“ þurfi að ganga svo þú teljir það sveltí gagnvart dýrunum? Þú telur að hvorki sé um að ræða harðýðgi

né sveltí, að ill meðferð á dýrum leiði til þess að þau verði svona á sig komin?

Svarið við knýjandi spurningu almennings, þess efnis hvers vegna Matvælastofnun hefur brugðist dýrum í neyð í hverju málinu á fætur öðru birtist í áður tilvitnuðum ummælum þínum, sem vekja án nokkurs vafa bæði furðu og viðbjóð almennings. Ummæli þín dæma sig sjálf og eru þér sem yfirdýralækni Matvælastofnunar til skammar. Þú átt, sem yfirdýralæknir, að hafa það hlutverk með höndum að sinna velferð og heilbrigði dýra en þau viðhorf þín, sem birtast í áður tilvitnuðum ummælum, samrýmast sannarlega ekki þeim skyldum sem á þér hvíla í þessu embætti.

Bæði Matvælastofnun og þú sem yfirdýralæknir stofnunarinnar eruð rúin trausti á sviði dýravelferðarmála. Það er sannarlega ekki vanþörf á að Ríkisendurskoðun geri nú úttekt á eftirliti Matvælastofnunar með velferð dýra, enda málin orðin fjölmörg og bryn sem kalla á slíka úttekt, og alvarleiki þeirra eftir því. Þess er óskandi að nú verði sem allra fyrst ráðist í allar þær nauðsynlegu breytingar sem þörf er á til að koma dýravelferðarmálum í betri farveg, nauðstöddum dýrum til velfarnaðar.

Boltinn er fyrir löngu kominn til Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra og almennings mun fylgjast með því hvort hún fari að rísa undir þeirri ábyrgð. ■

Purrktæki
frá kr
44.990

RAKIR GLUGGAR?

VEGGLÚGUR
FELDU BAK VIÐ FLÍSAR

Verð frá: **2.090 kr**

HITAVÍR - KIT
Í ÞAKRENNUR 5-10-15-25 M

Verð frá: **14.445**

FRAMKVÆMDAVÍFTA
ÚTSOGSVÍFTA - DRAGDU ÚR RYKI

Tilboð **40.000 kr**
-án barka (var 51.032 kr)

Tilboð 21.990 kr
(var 23.075 kr)

Jet 1 - 105 cm

KRAFTVIFTUR
ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR

Tilboð **14.990 kr**
(var 19.428 kr)

RAKAMÆLIR

Tilboð **2.990 kr**
(var 4.590 kr)

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið **viftur.is**

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Steinnunn Jóhanna Ásgeirsdóttir
Óðinsgötu 23,
lést á Hrafnistu við Sléttuveg miðvikudaginn 23. nóvember sl.
Útför hennar fer fram þriðjudaginn 13. desember kl. 13.00 frá Dómkirkjunni. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Gullfossi fyrir ómetanlega umönnun og kærleik.

Ásgeir S. Hallgrímsson
Ásgeir H. Ásgeirsson
Björg A. Ásgeirsdóttir
Karólína V. Ásgeirsdóttir
Árni S. Ásgeirsson

Guðný Rós Sigurbjörnsdóttir
Davíð Örn Ingason
Majid Zarei
Sigríður Inga Pálsdóttir
Sigurros, Júlíus, Astrós, Aldís, Elias, Steinþór, Ásbjörn og Freyja



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Guðmunda Pálína Hermannsdóttir
Munda frá Ysta-Mói, Sauðárhæðum, Sauðárkróki,
lést á HSN Sauðárkróki, laugardaginn 26. nóvember. Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju, laugardaginn 17. desember, klukkan 13.00.
Athöfninni verður streymt frá Sauðárkróskirkju (<https://www.youtube.com/watch?v=3KwIqYhTDIw>) Jarðsett verður í Barðskirkjugarði, Fljótum.

Sigurhanna Ólafsdóttir
Jónas S. Svavarsson
Jón Eðvald Friðriksson
Magnús Sigfússon
Guðrún Haraldsdóttir
Gunnar Björn Ásgeirsson
Inga S. Baldursdóttir
Erla Valgarðsdóttir
Eydis Eysteinsdóttir

Jóhanna Petra Haraldsdóttir
Linda Nína Haraldardóttir
Lára Gréta Haraldsdóttir
Próstur Georg Haraldsson
Ellen Hrönn Haraldsdóttir
Stefán Logi Haraldsson
Róbert Steinn Haraldsson
Haraldur Smári Haraldsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Rekstur Hvíta hússins er ótengdur hliðstæðu þess í Washington D.C.

MYND/ÁSEND

Gleðja fólk um augu, eyru og munn

Hvíta húsið á Selfossi, sem fagnar fimmtán ára afmæli sínu um þessar mundir, er eitt síðasta vígi sveitaballsins á svæðinu.

arnartomas@frettabladid.is

Hvíta húsið á Selfossi fagnar fimmtán ára afmæli sínu um þessar mundir. Einar Björnsson segir tímamótið stór því það sé sjaldgæft að sami eigandi og sama rekstrarfélag standi fyrir rekstri á stað sem Hvíta húsinu svona lengi.

„Ég rek annað fyrirtæki sem heitir EB kerfi og okkur vantaði húsnæði undir það og þá stóð þetta hús autt,“ segir Einar sem tók við húsinu 2007. „Á sama tíma var nánast enginn veitingastaður eða skemmtistaður á Selfossi. Kaffi Krús var eiginlega það eina sem var eftir í sjö þúsund manna byggðarlagi. Við vorum þá eins og Hrói Höttur og þurftum að bjarga skemmtanalífínu í bænum.“

Staðurinn var opnaður 10. desember 2007, steinsnar frá hruninu.

„Þá var nú okkar gæfa að hafa þetta hús og bjóða upp á skemmtanir,“ segir Einar. „Í þrengingunum leyfir fólk sér nefnilega að drekka brennivín, skemmta sér og fara út að borða. Það

gekk þannig ágætlega að reka húsið þrátt fyrir að allt væri á hvolfi í samfélaginu.“

Fyrir utan skemmtanareksturinn eru Mömmumatur, EB kerfi og FM Útvarp Suðurland í húsinu.

„Þetta er allt saman afþreyingartengt og snýst um að gleðja fólk um augu, eyru og munn,“ útskýrir Einar og hlær. „Þetta er svona eins konar menningarmiðstöð fyrir okkur hér á svæðinu.“

Á árunum fimmtán hafa verið haldin hundruð viðburða í Hvíta húsinu og telur Einar að staðurinn sé eini sveitaballastaðurinn sem eftir er í þessum landshluta.

„Það er nánast bara horfið,“ segir hann. „Við höfum í seinni tíð reynt að hafa þetta sjaldan en stórt.“

Selfoss hefur á stuttum tíma tekið gríðarlegum breytingum og er veitinga- og skemmtanalífið í miklum blóma. Einar segir þó að Hvíta húsið standi traustum fótum.

„Auðvitað er frábært að sjá að flóran hérna hafi stækkað, en við höldum bara okkar striki og bjóðum áfram upp á stærri viðburði eins og Kötilettna og böll. Þess á milli fara menn svo bara á pöbbinn.“

Fagnað með Pallaballi

Afmælinu verður svo fagnað næsta laugardag með Pallaballi, en Páll Óskar hefur verið eitt tryggasta númer staðarins frá upphafi. Einar er spenntur fyrir því að taka á móti Sunnlendingum sem og fólki úr höfuðstaðnum sem hann segir mynda stóran hluta fastagesta.

„Það er gríðarlega mikið af höfuðborgar- og búbúum sem koma á þessi böll því þeir hafa ekki í nein önnur hús að venda hvað sveitaböllin varðar. Við höfum fundið það nýlega að það virðist vera jafnlangt báðar leiðir,“ segir hann og hlær. „Það eru ekki alveg allir sem fatta að þetta er sami hálf tíminn fram og til baka.“

Sveitaböllin voru einu sinni allsráðandi í íslensku skemmtanalífi en misstu síðan völdin yfir til tónlistarhátíða. Það eru þó einhverjir töfrar við íslenska sveitaballið sem ekkert toppar, að mati Einars.

„Við erum voðalega þakklát fyrir að geta haldið svona viðburðum áfram þrátt fyrir breytt landslag. Inn við beinið finnst öllum gaman að fara á sveitaball. Eftir klukkan tvö eru bæjarróninn og háskóla- rektor komnir á sama stað á djammínu. Það skemmta sér allir í sömu sænginni á sveitaballi!“ ■



✝

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Böðvar Magnússon
fv. bankaútibússtjóri,
Vogaseli 5, 109 Reykjavík,
lést laugardaginn 26. nóvember.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. desember klukkan 13.

Sigrún Guðmundsdóttir
Magnús Böðvarsson
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Jesús Loayza
Böðvar Manuel Loayza
Victor Rúnar Loayza



✝

Útför ástkærs eigenmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Högnna Þórðarsonar
áður til heimilis á Ísafirði,
fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 8. desember kl. 13.
Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á líknaustofnanir.
Streymi frá athöfninni er hægt að nálgast á www.mbl.is/andlat, eða á youtu.be/XI6QHnbQnWE

Kristrún Guðmundsdóttir
Hörður Högnason
Þórður Högnason
Kristín Högnadóttir
Guðmundur Kr. Högnason

Una Þóra Magnúsdóttir
Jolanta Högnason
Sigurður A. Þóróddsson
Judy-Ann Norton
barnabörn og barnabarnabörn



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðný Lovísa Sigurðardóttir
lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 21. nóvember.
Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Brynja Beck
Axel Þór Beck
Sigurður Pálsson Beck
Kristín Þóra Pálsdóttir Beck
Ríkarður Pálsson Beck
barnabörn og barnabarnabörn

Sölvi Stefán Arnarson
Hrefna Egilsdóttir
Rögnvaldur Stefán Cook
Elisabet Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Sólveig Brynjarsdóttir
Staffholti 12, Akureyri,
lést á heimili sínu 21. nóvember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Björn Aðalsteinsson
Elmar Þór Björnsson
Anna Sigríður Björnsdóttir

Sigurros Yrja Jónsdóttir
Hilmar Þór Egilson
og barnabörn

Tólaspilid

Í ÁR

ALMENN SPURNING

Hvað var Jóhanna
Guðrún gömul þegar
hún lenti í 2. sæti í
Eurovision?

BOTNAÐU LAGID

"And then she asks
me, do you feel all
right? _____"

ALMENN SPURNING

Hvaða eittraða ávöxt
gaf nornin Mjallhvíti?



Skannaðu mig



S. 771-7171

LEITINADSTJORNUNNI.IS

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er þáttaröð um fjölbreytt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 12.50 Heimaleikfimi**
- 13.00 Kastljós**
- 13.25 Kiljan**
- 14.05 92 á stöðinni**
- 14.30 HM stofan**
- 14.50 Marokkó - Spánn** Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum.
- 16.50 HM stofan**
- 17.10 Átök í uppeldinu**
- 17.50 KrakkaRÚV**
- 17.51 Tilraunastofan**
- 18.14 Áhugamálið mitt**
- 18.20 Jólamlar KrakkaRÚV**
- 18.30 Krakkafréttir**
- 18.35 Randalín og Mundi - Dagar í desember**
- 18.40 Jólin hjá Claus Dalby**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.55 Randalín og Mundi - Dagar í desember** Jóhólalegur kúreki.
- 20.00 Jólamlar**
- 20.15 Yngsta dragdrottning Danmerkur - Jóláoskin Danmarks yngste dragqueen** Dönsk heimildarmynd í tveimur hlutum um Jeppe, 12 ára dreng sem dreymir um að verða dragdrottning.
- 20.50 Draugagangur Ghosts II** Önnur þáttaröð þessara bresku gamanþátta.
- 21.25 Hljómsveitin Orkestret**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Ummerki** Traces
- 23.05 Skylduverk** Line of Duty
- 00.05 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 11.30 Dr. Phil**
- 12.10 The Late Late Show**
- 12.55 The Block**
- 13.55 Love Island Australia**
- 15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólámóðir**
- 15.05 Tilraunir með Vísinda Villa**
- 15.15 Ávaxtakarfan**
- 15.30 The Croods - isl. tal**
- 17.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólámóðir**
- 17.15 American Auto**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Love Island Australia**
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 CSI. Vegas**
- 21.50 4400**
- 22.35 Joe Pickett**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 Love Island Australia**
- 01.10 Law and Order. Special Victims Unit**
- 01.55 Chicago Med**
- 02.40 New Amsterdam**
- 03.25 Super Pumped**
- 04.25 Guilty Party**
- 04.55 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Aðventan með Völu Matt**
- 09.40 Impractical Jokers**
- 10.20 Eldhúsið hans Eypórs**
- 10.40 Conversations with Friends**
- 11.10 Wipeout**
- 11.50 30 Rock**
- 12.10 Lífið er ljúffengt - um jólin**
- 12.20 Nágrannar**
- 12.40 The Great British Bake Off**
- 13.45 Listing Impossible**
- 14.30 Supergirl**
- 15.10 30 Rock**
- 15.30 Manifest**
- 16.10 Christmas in Harmony**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Annáll 2022**
- 19.00 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.50 Inside the Zoo**
- 20.50 Masterchef USA**
- 21.35 S.W.A.T.**
- 22.15 Unforgettable**
- 22.55 We Are Who We Are**
- 23.50 We Are Who We Are**
- 00.40 The Mentalist**
- 01.20 Impractical Jokers**
- 02.00 Conversations with Friends**
- 02.30 The Great British Bake Off**
- 03.35 Manifest**

Jólaandinn svífur yfir í þættinum Mat og heimili

Sjöfn Þórðar býður í jólaboði í Mat og heimili í kvöld. Gestir kvöldsins verða Berglind Guðmundsdóttir matarbloggari, Berglind Hreiðarsdóttir matarbloggari, Eva María Hallgrímsdóttir hjá Sætum Syndum og Þórunn Högnadóttir stílisti. Landsliðskokkarnir Sigurður Laufdal og Gabriel Kristinn Bjarnason töfra fram jólakræsingar og vínþjónninn Jóhann Ólafur Jørgensen sér um að toppa jólamáltíðina.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 drabb
5 blaður
6 ámæla
8 ávöxtur
10 átt
11 tíðum
12 kirtill
13 trauður
15 eldsneyti
17 endurtekning

LÓÐRÉTT

- 1 emjan
2 taug
3 stæla
4 ok
7 kær
9 tungumál
12 knippi
14 kusk
16 líka

LÁRÉTT: 1 stárk, 5 pípp, 6 íla, 8 ananas, 10 na, 11 ort, 12 þris, 13 ófus, 15 línkol, 17 stægl.
LÓÐRÉTT: 1 spangól, 2 lína, 3 apa, 4 klafi, 7 ást-sæll, 9 norska, 12 bunt, 14 fis, 16 og.


Sudoku

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

							3	4
7		6					5	1
					1			7
		5	9	4				1
				9	3		6	
	2							
					9		7	4
			5	6		9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

ÆSISPENNANDI OG RÍKULEGA MYNDSKREYTT



„... heillandi og hættulegur [heimur], nákvæmlega eins og fantasíuheimar eiga að vera.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Hann ögrar ungum lesendum með hrollvekjandi lýsingum og dregur stundum ekkert undan.“

RÓSA HARÐARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is



„Ljósið gefur
manni tilgang“

- Alice Olivia Clarke



„Ljósið er *sunny place*,
hér ríkir jákvæðni, hér
er félagsskap að fá
og allir vinalegir“

- Raimond Bushmanis



„Litir eru endalaust
gleðiefni og uppspretta
fyrir alls konar upp-
lifanir og tilfinningar“

- Sara Vilbergsdóttir




LJÓSABLAÐIÐ 2022

TÍMARIT LJÓSSINS KEMUR ÚT Í DAG!



Í blaðinu bjóðum við þér að skyggnast
á bakvið tjöldin í Ljósinu. Kynnast
starfinu, fólkinu og þeirri einstöku
stemningu sem ríkir í starfi Ljóssins.

Blaðið kemur út í dag, fylgstu með á www.ljosid.is
eða taktu mynd af QR kóðanum.





Frá afhendingu Fjöruverðlaunanna 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tilnefningar til Fjöruverðlauna

tsh@frettabladid.is

Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna 2023 voru kunngjörðar í Borgar-bókasafni í gær en níu bækur eru tilnefndar í þremur flokkum.

Fjöruverðlaunin eru bókmenntaverðlaun kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi og eru veitt árlega.

Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- **Kollhnís** eftir Arndísi Þórarinsdóttur
- **Bronsharpan** eftir Kristínu Björgu Sigurvinsdóttur
- **Héragærdi: Ævintýri um súkkulaði og kátínu** eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- **Á sporbaug: Nýyrði Jónasar Hallgrímssonar** eftir Önnu Sigríði Þráinsdóttur og Elínu Elísabetu Einarsdóttur
- **Farsótt: Hundrað ár í Þingholtsstræti 25** eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur
- **Vegabréf: Íslenskt: Frá Afganistan til Bosnía og Búrkína Fasó** eftir Sigríði Viðis Jónsdóttur

Í flokki fagurbókmennta

- **Eden** eftir Auði Övu Ólafsdóttur
- **Urta** eftir Gerði Kristnýju
- **Tól** eftir Kristínu Eiríksdóttur

Fjöruverðlaunin 2022 hlutu bæurnar Merking eftir Friðu Ísberg í flokki fagurbókmennta, Sigurður Þórarinsson, mynd af manni eftir Sigrúnu Helgadóttur í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis og Reykjavík barnanna eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur í flokki barna- og unglingsbókmennta. ■

Líf okkar endurspeglast í byggingum

Anna María Bogadóttir skrifar um niðurrif Iðnaðarbankahússins og tengsl manna og bygginga í bókinni Jarðsetningu sem liggur á mörkum lista og fræðigreina.

tsh@frettabladid.is

Arkitektinn Anna María Bogadóttir segir sögu niðurrifs Iðnaðarbankahússins við Lækjargötu í bókinni Jarðsetningu sem kom út í haust hjá Angústúru útgáfu og samnefndri kvikmynd sem var frumsýnd á RIFF. Í bókinni blandar Anna María saman arkitektúr, hugmyndasögu og endurminningum og segir sögu þessa horfna stórhýsis.

„Það má segja að bókin leiki sér á mörkum forma og það er líka það sem ég er búin að vera að gera í minni praxis. Að tengja saman ólíka fag- og fræðaheima og ólíkar listgreinar,“ segir Anna María.

Hvaðan spratt áhuginn á að fjalla um þessa byggingu?

„Húsið kallaði sterkt á mig og í bókinni er ég sjálf að komast að því af hverju ég varð svona upptekin af því og örlögum þess. Þetta er bygging sem var náttúrlega áberandi í hjarta miðborgarinnar. Ég hef velt því fyrir mér hvort það var af því ég sat í MR og horfði á hana út um gluggann og síðar úr risinu í Iðnó þar sem ég vann eða sem viðskiptavinur sem kom reglulega í bankann.“

Breytingar í loftinu

Að sögn Önnu Maríu leiddi vitneskjan um að Iðnaðarbankahúsið ætti að hverfa af sjónarsviðinu til þess að hún fór að hugsa um þær hugsjónir og þá drauma sem fólust í byggingunni.

„Þegar ákvörðun var tekin um niðurrif þá voru ekki liðin nema um fimmtíu ár síðan hún var reist þannig að ég var líka að hugsa um líftíma hins byggða. Það var svo margt táknrænt við þessa byggingu sem framtíðardraum eftirstriðsáranna og hún kjarnar endalok ákveðins tímabils. Svo var ég líka upptekin af henni sjálf sem manneskja,“ segir hún.

Iðnaðarbankahúsið var rífið árið 2017 og hefur nú verið reist nýttiskúla hótél á sama stað. Að sögn Önnu Maríu var ákvörðunin um að



Anna María Bogadóttir í Lækjargötu þar sem hús Iðnaðarbankans stóð í meira en hálfa öld. Nú hefur nýttiskúla hótél verið reist þar sem bankinn stóð áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

byggingin skyldi víkja þó tekin áratug áður og gefin var heimild fyrir niðurrifi í deiliskipulagi 2008.

„Svo liður langur tími, það verður bankahrún og uppgjör og alls konar hlutir sem breytast. Það er svona í kringum 2014-15 að ég verð þess áskynja, tiltölulega nýkomin heim til Íslands eftir rúman áratug erlendis, hvað er að gerast á Íslandi og hvað er að kveðja okkur,“ segir Anna María.

Jarðsöngur bygginguna

Anna María fékk leyfi hjá eigendum Iðnaðarbankahússins til að jarðsöngja bygginguna 2017. Hún lýsir gjörningnum sem eins konar mótvægi við þær athafnir sem haldnar eru í tilefni nýbygginga svo sem skóflustungur og reisugilli.

Hvernig fór jarðsöngurinn fram?

„Við vorum nokkrir listamenn sem komum inn í bygginguna og Berglind María Tómasdóttir tónskáld leiddi hljóðverk sem var hluti af athöfninni, innblásin af bandarísku tónlistarkonunni Pauline Oliveros. Við hlustuðum á og spiluðum með byggingunni. Það var hugmynd mín að leyfa húsinu að hljóma og óma í hinsta sinn. Þegar fór að rökka þá var byggingin upplýst og varð eins og ljósviti í borgarumhverfinu.“



”

Það var svo margt táknrænt við þessa byggingu sem framtíðardraumur eftirstriðsáranna og hún kjarnar endalok ákveðins tímabils.

byggingararfinn sem við eigum. Ekki bara út frá sögulegu og menningarlegu sjónarmiði heldur líka umhverfislegu,“ segir hún.

Anna María segir að leggja þurfi meiri áherslu á að byggja við byggingar og aðlaga þær breyttum þörfum í stað þess að rífa og byggja nýtt frá grunni.

„Þessi hugmynd um að bygging sé einhvern tímann kláruð er bara nútímahugmynd. Í gegnum aldirnar var alltaf verið að bæta við húsin. Þau voru aldrei kláruð, og voru lifandi vefur sem hver kynslóð var alltaf að bæta við. Það er líka nútímahugmynd að rífa byggingar,“ segir hún.

Niðurrif húss og manns

Jarðsetning er þó ekki bara sagnfræðileg heimild um tímabil í byggingarsögu Reykjavíkur heldur er um að ræða persónulega bók með viðtækur skírskotanir.

„Ég leik mér með ákveðna hliðstæðu í mínu lífi og flétta mína eigin sögu við sögu byggingarinnar. Ég er barn 8. áratugarins og nýt ávaxta uppbyggingar eftirstriðsáranna. Þess vegna valdi ég að vera leiðsögumaður lesandans í gegnum söguna,“ segir hún.

„Líf okkar endurspeglar hugmyndafræðina sem birtist í byggingum. Það er líka þetta með kjölfestu byggingarinnar og hversu mikið við höfum verið að ganga á byggingaraudinn. Við göngum á hann og erum jafnframt að ganga á okkur sjálf.“ ■

Síðustu ljóð Eiríks Guðmundssonar í Ljóðbréfi Tunglsins

tsh@frettabladid.is

Í sjötta Ljóðbréfi Tunglsins, sem borið verður heim til kostunarmanna undir fullu tungli 8. desember næstkomandi, má meðal annars finna nokkur óbirt ljóð eftir skáldið Eirík Guðmundsson sem lést sviplega í sumar.

Í fréttatilkynningu frá Tunglinu segir: „Eiríkur var innblásið skáld og sannur orðlistamaður, á prenti sem í útvarpi. Að honum er sjónarsviptir í íslensku menningar- og listalífi. Hin einstaka rödd hans lifir hins vegar áfram í textum hans og ljóðum.“

Að Tunglinu standa þeir Ragnar Helgi Ólafsson og Dagur Hjartarson. Ragnar Helgi segir Eirík Guðmundsson hafa verið góðvin Tunglsins.

„Eiríkur var vinur okkar og við höfðum falast eftir ljóðum frá honum í Ljóðbréf áður. Við vissum



Ragnar Helgi Ólafsson

að Eiríkur var að vinna í handriti að ljóðabók og okkur langaði að minnstast hans á einhvern veg í þessu hefti því hann var nú einstakt ljóðskáld og orðlistamaður.“

Ragnar bætir því við að hann og samstarfsmaður hans hjá Tunglinu Dagur Hjartarson vilji sérstaklega þakka syni Eiríks, Kolbeini Orfeusi, fyrir að veita þeim leyfi til að birta ljóð úr handriti föður síns.

Í ljóðbréfinu má einnig finna ljóð eftir fjölbreyttan hóp íslenskra og erlendra skálda. Meðal höfunda



Ljóðbréf Tunglsins er borið út til áskrifenda á fullu tungli.

MYND/RAGNAR HELGI ÓLAFSSON

í sjötta hefti eru Gyrðir Elíasson, Natasha S., Haukur Ingvarsson, Páll Haukur Björnsson, Sjón, Elísabet Jökulsdóttir, Pétur Gunnarsson, Ana Mjallhvít Drekaðóttir og Anne Carson. Kanadíski rithöfundurinn og fornfræðingurinn Anne Carson er eitt þekktasta núlifandi ljóðskáld heims en hún hefur á síðustu árum komið sér fyrir á Íslandi og býr hér hluta ársins.

„Okkur Dag dreymdi um að það væri nú skemmtilegt ef það kæmi bara inn um lúguna hjá manni svona ljóðapakki og ekki endilega eitthvað sem maður þekkti sjálfur eða hefði valið sér, heldur eitthvað óvænt líka,“ segir Ragnar um upptök Ljóðbréfsins.

Þeir sem hafa áhuga á að fá sent Ljóðbréf heim til sín geta skráð sig í áskrift á tunglidforlag@gmail.com. ■



Kontratenórinn Tim Mead söng einsöng í kantötu eftir Vivaldi og arium eftir Händel með glæsibrag. MYND/ADSEND

Mozart í yfirborðslegum kappakstri Sinfóníunnar

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar
Verk eftir Walpurgis, Vivaldi, Händel og Mozart
Eiðleikarar: Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir
Einsöngur: Tim Mead
Stjórnandi: Jonathan Cohen
Eldborg í Hörpu
 fimmtudagur 1. desember

Jónas Sen

Það eru góðar fréttir og slæmar af adventutónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Góðu fréttirnar eru að allt var á sínum stað fyrir hlé. Slæmu fréttirnar eru að þar á eftir var annað og verra uppi á teningnum.

Byrjum á slæmu fréttunum. Jonathan Cohen stjórnadi sínfóníu í g-moll nr. 40 eftir Mozart og túlkun hans var afskaplega yfirborðsleg. Fyrsti kaflinn á vissulega að vera hraður, en það á samt að vera ákveðin draumkennd stemning í tónlistinni. Þar er tign og fegurð sem tilheyrir æðri tilvist – ef svo má að orði komast. Þetta skiladi sér engan veginn á tónleikunum. Andrúmsloftið var stressað. Maður fékk á tilfinninguna að Cohen væri fyrst og fremst að reyna að koma sem flestum nótum að á sem skemmstum tíma. Hraðinn virkaði vélrænn og tónlistin, eins stórkostleg og hún er, var hvorki fugl né fiskur.

Annar kaflinn var andlaus og skorti hinn yndislega frið sem ein-



Góðu fréttirnar eru að allt var á sínum stað fyrir hlé. Slæmu fréttirnar eru að þar á eftir var annað og verra uppi á teningnum.

kennir hæga kafla Mozarts í ótal verkum. Þriðji kaflinn, sem ber yfirskriftina Allegretto og er menúett, var sömuleiðis ekki góður. Menúett er dans og á að vera þokkafullur og ekki of hraður. Hér var hraðinn svo ofboðslegur að það var eins og að vera vitni að kappakstri. Fyrir vikið var tónlistin aðeins skrumskæling af sjálfri sér, og svipaða sögu er að segja um síðasta kaflann.

Glæstur einsöngur

Nei, þá var miklu meira varið í fyrri hluta tónleikanna. Þar fékk hljómsveitarstjórinn ekki að bada út öllum öngum og þurfti að fylgja einleikurum eða einsöngvara. Tim Mead kontratenór söng einsöng í kantötu RV 684 eftir Vivaldi, sem og í tveimur arium eftir Händel. Hann gerði það með glæsibrag. Söngur hans var einkar liflegur og kraftmikill, röddin tær og safarík.

Fyrir þá sem ekki vita er kontratenór karlmaður sem syngur í falsettu eins og kona. Ástæðuna fyrir því má rekja til Páls postula. Í fyrri Korintubræfi segir hann að konur skuli „þegja á safnaðarsamkomum því að þeim er ekki leyft að tala heldur skulu þær hlýða...“ Þetta hafði þær afleiðingar að konur máttu ekki syngja í trúarlegum verkum í denn, og karlmenn reyndu að herma eftir rödd þeirra.

Þrýðilegur einleikur

Frammistaða Vera Panitch fiðlu-leikara og Steineyjar Sigurðardóttur sellóleikara var einnig mögnuð. Þær voru einleikararnir í konsert í B-dúr RV 547 eftir Vivaldi og hristu alls konar tónahlaup fram úr erminni. Leikur þeirra var áreynslulaus og flæðandi, túlkunin full af snerpu, ávallt lifandi.

Loks ber að nefna forleik að óperunni Talestri, regina delle amazzoni, eftir Maríu Antóníu Walpurgis. Hún var uppi á átjándu öld og var af göfugum ættum og fékk því góða menntun. Konur áttu almennt ekki mikilli velgengni að fagna sem tónskáld í gamla daga. Sumar þurftu meira að segja að þykjast vera karlmenn til að vera teknar alvarlega. Walpurgis var ein af fáum undantekningum, og tónlist hennar lét vel í eyru á tónleikunum, var bæði blátt áfram og ljúf. Synd hve Mozart var slæmur. ■

NIDURSTAÐA: Frábær einsöngur og einleikur en annað var verra.

Fulltrúi Íslands í Feneyjum 2024

tsh@frettabladid.is

Listamaðurinn Hildigunnur Birgisdóttir hefur verið valin fulltrúi Íslands á sextugasta Feneyjatvíværingnum í myndlist 2024. Tvíværingurinn er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á heimsvísu og er þátttaka í honum álitin mikill heiður fyrir þann myndlistarmann sem valinn er. Ísland hefur sent fulltrúa á Feneyjatvíværinginn síðan 1960 og hafa margir fremstu listamenn þjóðarinnar sýnt þar, meðal annars Jóhannes Kjarval, Ragnar Kjartansson, Hrafnhildur Arnardóttir, Rúrí og nú síðast Sigurður Guðjónsson. Myndlistarmiðstöð, áður nefnd Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, hefur umsjón með íslenska



Hildigunnur Birgisdóttir

skálanum fyrir hönd menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Í tilkynningu frá Myndlistarmiðstöð segir:

„Á marglaga ferli sínum hefur Hildigunnur rannsakað hugmyndir okkar um fegurð, notagildi, samhengi hlutanna og hvetur áhorfandann til að efast um jafnvægið á milli skynjunar og raunveruleika. Hildigunnur skoðar oft fáfengilega hluti líkt og takka lyklorðs,

plastklemmur og úðabrúsa, og er hver hlutur valinn út frá einfaldleika sínum eða tilvist. Með því að setja fram óskáldlega hluti í nýjum efnum og stærðum undirstrikar Hildigunnur kunnuglega eiginleika þeirra en samtímis því dregur hún notagildi þeirra í efa. Þjögunin undirstrikar skúlptúrískt gildi hinna upprunalegu hluta og fagnar fagurfræði þess sem fæstir gefa gaum.“

Hildigunnur Birgisdóttir (f. 1980) býr og starfar í Reykjavík. Á síðasta ári voru verk hennar sýnd í Listasafni Reykjavíkur, Listasafninu GES-2 í Moskvu og H2H í Aþenu. Verk hennar má meðal annars finna í safneign Listasafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur, Nýlistasafnsins og European Patent Office. ■

Desember-tilboð



NAXOS

Borðstofuborð, svartur eða hvítur marmari.
239.990 kr. 299.990 kr.-SPARAÐU 60.000 KR.



CHARLIETOWN

3ja sæta sófi, dökkrátt áklæði. **134.990 kr. 169.990 kr.-SPARAÐU 35.000 KR.**

2ja sæta sófi, dökkrátt áklæði. **119.990 kr. 149.990 kr.-SPARAÐU 30.000 KR.**



ROXBY

Eldhúsborð, eik. Ø105 cm.
29.990 kr. 39.990 kr.-SPARAÐU 10.000 KR.



NOLA

Sófaborð, reyklitúð eik.
 Ø90 x 45 cm. **59.990 kr. 74.990 kr.-SPARAÐU 15.000 KR.**



OTTOWA

Borðstofustóll, grátt eða grænt velvet eða grátt PU leður. **23.990 kr. 29.990 kr.-SPARAÐU 6.000 KR.**

CRESTON

Borðstofustóll, ýmsir litir.
31.990 kr. 39.990 kr.-SPARAÐU 8.000 KR.



HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
 Sími: 558 1100

Skagamenn telja með tónum daga til jóla

Ólafur Páll Gunnarsson og Hlédís Sveinsdóttir halda utan um jóladagatalið Skaginn syngur inn jólin sem felur í sér eitt tónlistarmyndband á dag, alla daga til jóla. Sýningar fara fram á Facebook og á sjónvarpsstöðinni N4.

ninarichter@frettabladid.is

Að sögn útvarpsmannsins Ólafs Páls Gunnarssonar, eða Óla Palla eins og hann er kallaður, kom innblásturinn að Skagamönnum að syngja inn jólin, frá Hvergerðingum.

„Hlédís var stödd í Hvergerði fyrir jólin 2019 og lenti þar í Hvergerðinga-jólapartíi,“ segir Óli Palli. Þau ákváðu í framhaldinu að hrinda sambærilegum viðburði í gang á Skaganum fyrir jólin 2020, en vegna heimsfaraldurs varð ekki úr þeirri hugmynd.

„Svo voru Hlédís og Heiðar Már að vinna saman að sjónvarpsþáttum hjá N4,“ segir Óli Palli. „Þá datt Heiðari í hug að breyta þessu í dagatal á netinu, en þá höfðum við fengið styrki til verkefnisins frá Akraneskaupstað og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi,“ segir hann.

Jóladagatalinu er nú slegið upp í þriðja sinn. „Það eru þúsundir manna sem horfa á þetta daglega, í svartasta skammdeginu,“ segir Óli Palli. „Þetta er birt á morgnana klukkan sjö alla daga, og það eru margir sem byrja daginn sinn á því að tékka á þessu.“

Allir tónlistarflytjendurnir eru Akurnesingar sem leika ásamt hljómsveit sem sérstaklega var sett saman fyrir verkefnið. „Við fengum til þess hljómsveitarstjórnann Birgi Þórisson, sem er reyndar Borgnesingur og er aðstoðarskólaskólari Tónlistarskólans og hljómborðsleikari í Stuðlabandinu.“

Að sögn Óla Palla hefur dagatalið gengið einstaklega vel það sem af er desember. „Í fyrradag voru tvær 85 ára gamlar tvíbúasystur að syngja, sem eru búnar að syngja og spila á gítar síðan þær voru stelpur. Þær hafa ekki mikið verið að troða upp fyrir almenning, aðallega bara hjá Félagi eldri borgara. Svo var full-orðinn maður á laugardaginn sem hefur aðallega verið að syngja fyrir sjálfan sig og konuna sína. Svo var ég sjálfur þarna fyrsta daginn,“ segir Óli Palli sem segist hafa stokkið til vegna forfalla. „Þarna eru margir sem koma á óvart. Ég fæ oft svona komment: Já, ég vissi ekki að þessi væri að syngja!“



Óli Palli er hrifnari af seinni jólaplötunni Elvis Presley sem kom út árið 1971.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eftirlætis jólalög (J)Óla Palla

Teinar – Jólin komu og hún María mín fór
„Þetta lag er af einni af mínum uppáhalds jólaplötum; Teinar – Svart hvít jól. Jón Hallur Stefánsson er höfundur og aðalflytjandi á plötunni.“

Ragnar Bjarnason – Er líða fer að jólu
„Eskujólin rifjast upp þegar ég heyri Ragga syngja þetta fina lag eftir Gunna Þórðar og Ómar Ragnarsson. Platan í hátíðarskapi er uppahald.“

Frank Sinatra – Have yourself a merry little christmas
„Dásamleg jólastemming í þessu lagi. Ég hef í mörg ár hlustað mikið á jólaplötunni Frank Sinatra.“

Elvis Presley – The wonderful world of christmas
„Elvis gerði tvær jólaplötur, þá fyrri 1957 og þá seinni 1971. Mér finnst þessi seinni betri, meiri Elvis í Elvis en á þeirri fyrri og þetta lag er uppahald. Undraveröld jólanna.“

Calexico – Green grows the holly
„Ég heyrdi þetta fyrst fyrir nokkrum árum á jóla-safnplötu sem heitir Christmas Rules. Calexico er hljómsveit sem ég hef lengi haldið upp á og þetta lag er frábært. Ljóðið er eftir Hinrik VIII og var samið 1522.“



Tónar söngvarans Frank Sinatra rata á fóninn á ófáum heimilum á jólu.



Auður Minný og Sigurlaug Inga Árnadóttir.

MYND/SKJÁSKOT

Aðspurður segist Óli Palli vera mikill jólamaður. „Mér finnst þetta vöðalega skemmtilegur tími yfirleitt, og þetta smellpassar við mig. Ég er sérstakur áhugamaður um jólamúsík og það er svo margt fólk sem segir við mig, af því að ég er að vinna í útvarpi, að það sé ekki kveikjandi á útvarpinu þegar það er kominn desember. Þar sé ekkert nema einhver jólalög,“ segir hann.

Óli Palli ítrekar að jólatónlist sé fjölbreytt. „Það svo ótrúlega mikið til, og ég er búinn að segja þetta svo oft. Þessi áhugi minn kviknar út af útvarpinu, til þess að koma með eitthvert svar við þessu. Það er til svo ótrúlega mikið af jólamúsík

sem er ekki eitthvað: Það verður svo gaman á jóluþingi þegar ég er með þér, og svona,“ útskýrir útvarpsmaðurinn. „Þetta er bara músík sem passar inn í þennan árstíma,“ útskýrir hann. „Fyrsta íslenska jólalagið sem er ekki sálmur er hin fyrstu jól eftir Ingibjörgu Þorbergs 1954. Þetta er ekki bara Ég hlakka svo til.“

Óli Palli bætir við að Sena hafi á sínum tíma gefið út tvær jólaplötur sem hann sjálfur setti saman, Jól í Rokklandi, sem að vísu eru ekki til á Spotify í dag.

Þó er Óli Palli fús til að deila með lesendum sínum eftirlætis jólalögum. ■

Krassandi matseðill

KVIKMYNDIR

The Menu

Leikstjórn: Mark Mylod
Leikarar: Ralph Fiennes, Anya Taylor-Joy og Nicholas Hoult

Arnar Tómas Valgeirsson

Breski leikstjórninn Mark Mylod er ekki þekktasta nafnið í bransanum en hann hefur verið viðloðandi hitt og þetta í gegnum tíðina. Nýjasta mynd hans, The Menu, er þræl-skemmtileg, en ef það er ekki nóg til að sannfæra efafulla lesendur má benda á að á ferilskrá sinni stáar hann af því að hafa leikstýrt stórum hluta af Succession og Ali G Indahouse. Geri aðrir betur.

The Menu segir frá Margot, ungri konu sem er dregin af kærasta sínum Tyler til að taka þátt í ein-

stakri matarupplifun. Það ferðast, ásamt fámennum hóp af uppum, með ferju á afskekktu eyju þar sem Slowik, stærsti stjórnukokkur heims, rekur veitingastað sinn.

Matseðillinn og upplifunin öll eru sérsníðin að þessum litla hóp fólks en Margot finnur snemma fyrir því að ekki sé allt með felldu. Eftir því sem líður á matseðilinn verður kvöldið sífellt furðulegra og hættulegra þar sem Slowik hefur afar sérstaka sýn á hvernig matur kvöldsins skuli framreiddur.

Myndin er í grunninn hrollvekjublandinn spennutryllir þar sem vel tekst til við að skapa þrúgandi andrúmsloft. Á sama tíma er handritið þó líka stútfullt af satíru og ádeilu á fullt af samfélagslegum málum á borð við matarmenningu og stéttaskiptingu og er myndin fyrir vikið sprenglægleg.

Leikararnir standa sig allir þrýðilega en það eru stjórnum Anya Taylor-Joy og Ralph Fiennes sem bera af. Taylor-Joy er einstaklega sympatísk og það er auðvelt fyrir áhorfandann að finna til með henni innan um eittra hástéttina.

Á sama tíma er Fiennes samur við sig og hefur jafnrafmagnaða nærveru og venjulega.

Myndin er líka einstaklega falleg þegar kemur að hljóði og mynd svo að upplifunin er líklega best í bíó.

Svo vel tekst til að gera matinn girnilegan að ákveðinn réttur sem borinn er fram í kvikmyndinni verður líklega á matseðli vikunnar hjá flestum þeim sem horfa á þessa mynd. ■

NIDURSTAÐA: Vel heppnaður og drepfyndinn spennutryllir sem kitlar bragðlaukana.



Ralph Fiennes er eftirminnilegur sem kokkurinn Slowik.

Desember tilboð

H1
Rafmagnsborð



49.900 kr.
ALLAR STÆRÐIR - ALLIR LITIR
MINNISSTYRING INNIFALIN

P90
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 69.900 kr.
LISTAVERÐ 123.900 KR.

Dealer
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 19.900 kr.
LISTAVERÐ 31.900 KR.

UNI 550
Stólar



TILBOÐ 25.900 kr.
LISTAVERÐ 39.900 KR.

SNAP
Stólar



TILBOÐ 25.900 kr.
LISTAVERÐ 34.900 KR.

ErgoMedic
Skrifborðsstólar



TILBOÐ 169.900 kr.
LISTAVERÐ 249.900 KR.

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



Rósa Harðardóttir / Morgunblaðið

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning



Stórskemmtileg bók full af spennu, dulúð og gleði



Ævintýri Sigrúnar Eldjárn eru engu lík. Spannandi og galsafullar bækur, ríkulega myndskreyttar, sem henta börnum á öllum aldri.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is



Sækja í spuna og grín og jólalegt sexí búmm búmm

Tvíeykið í leikhópnum The Santa Beibís slær upp öðruvísi jólatónleikum í Tjarnarbíó í desember. Þar er á ferðinni jólasýning með kabarett-ívaði með kynþokka og grín í forgrunni, þar sem áhorfendum verður komið í „sexí jólaskap“.

ninarichter@frettabladid.is

The Santa Beibís skipar leikkona með fræga nöfnu, Björk Guðmundsdóttir, og leik- og söngkonan Sigríður Ásta. Að sögn Bjarkar skilur sýningin engan eftir ósnertan.

Tvist á klassískt efni

„Ég útskrifaðist í fyrra úr leikaranum. Sigríður Ásta var að tala um að það vantaði jólatónleika sem væru aðeins öðruvísi en þessir klassísku jólatónleikar sem maður fer á,“ segir Björk. Aðspurð hvað einkenni þessa hefðbundnu tónleika svarar hún: „Þar sem eru öll þessi klassísku íslensku jólalog. Þetta er kósi og svolítið í dýrari kantinum. Við hugsuðum að okkur langaði að gera aðeins meira grín-tengt og taka nýtt tvist á þessi klassísku íslensku jólalog og útfæra þau í sexí fyndinn búning, en ég vil ekki spilla neinu,“ segir hún.

Björk segir sýninguna dansa á milli þess að vera grín og búrleska. „Kannski meira í kabarett-áttina. En þetta er á litla sviðinu í Tjarnarbíó og þetta er í fyrsta sinn sem þetta litla svið er vígt sem svona sexí fönni svið,“ segir hún. Sýningin er að sögn Bjarkar mjög djörf.

Glögg klukkan hálf sex

Í tilkynningu er sýningunni svo lýst: „Fullkomið fyrir fyrsta deit, lengra

ninarichter@frettabladid.is

Í Landakotsskóla klukkan 10.00 í dag verður gangsett verkefnið Heimsins stærsta verkefni, sem miðar að því að efla fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og auka vitund nemenda um alþjóðamál og sjálfbærni. Þemað að þessu sinni er fjórða heimsmarkmiðið, Menntun fyrir alla.

Í fréttatilkynningu kemur fram



Sigga er einhleyp og nær til einhleypa. Eg er í fjarsambandi frá manningum mínum. Við erum komnar með svona okkar sögu inn í þetta líka. Okkar tvist.

Björk Guðmundsdóttir

komna, einhleypa í leit að gleði og ást, vinaþópurinn á leið á djammíð, eldri hjónin á leið út að borða eða happy hour og heim að sofa.“ Björk útskýrir enn fremur: „Þetta er ekki á hefðbundnum tíma heldur klukkan hálf sex. Það verður jólaglög þarna og veitingar sem hægt er að kaupa á sérstöku verði á Tix, um leið og maður kaupir miðann.“

Að sögn Bjarkar verður dagskrá kvöldins fjölbreytt. „Sigga er einhleyp og nær til einhleypa. Eg er í fjarsambandi frá manningum mínum. Við erum komnar með svona okkar sögu inn í þetta líka. Okkar tvist,“ segir hún. „Við skellum okkur í allra kvikinda líki á meðan við erum að syngja þessi jólalog. Og alls konar leikatriði, eins og Ég sá mömmu kyssa jólasvein, og svona.“

Gömul hjón sem ögra sér

Oft er rætt um jólín sem hátíð barnanna og jafnvel kaupmanna, en því liggur beint við að inna leikkonuna eftir því hvort jólín séu kannski líka hátíð elskenda og rómantikur? „Já, ég myndi segja það. Er það

ekki? Ég myndi segja að þetta sé góður tími til að ná saman og krydda samböndin. Eða ef vinaþópurinn vill fara á tónleikana og fara svo á djammíð og næla sér í sjomla, jólakæró,“ segir Björk og hlær. „Eða bara fyrir gömul hjón sem vilja aðeins ögra sér.“

Spurð um ráðleggingar til einhleypa sem eru í leit að jólakæró, svarar Björk:

„Ég myndi alltaf byrja á að mæta á tónleikana okkar. Við getum kannski haft svona mashup í lokin þar sem við fáum fólk sem er einhleyp til að rétta upp hönd – og svo getum við parað fólk saman. Þetta gæti verið flott sem svona lokaviðburður á þessum tónleikum,“ segir Björk létt í bragði og það liggur á milli hluta hvort leikkonunni sé alvara.

Ríkisstjórnin girði sig í brók

Sala hefur gengið með eindæmum vel og uppselt er á fyrri kvöldið. „Það rokselst. Fyrst það er svona mikil eftirspurn er aldrei að vita nema að við bætum við tónleikum. En Tjarnarbíó er að springa, allir sjálfstæðu leikhópar landsins eru í Tjarnarbíó. Þannig að það væri frábært ef ríkisstjórnin myndi aðeins girða sig í brók og hjálpa þarna,“ segir Björk.

Talandi um hjálp þá njóta þær stóllur liðsinnis hljóðfæraleikarans Egils Andrasonar.

Þá segir Björk að áhorfendur eigi von á einu spunalagi. „Við spinnum það út frá jólareynslu einhvers. Við sækjum í spuna og grín og sexí búmm búmm,“ segir hún. „Ég myndi segja að þetta nái til allra, sérstaklega þeirra sem vilja láta ögra sér aðeins.“ ■

Heimsins stærsta kennslustund í Landakotsskóla í dag

ninarichter@frettabladid.is

Í Landakotsskóla klukkan 10.00 í dag verður gangsett verkefnið Heimsins stærsta verkefni, sem miðar að því að efla fræðslu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og auka vitund nemenda um alþjóðamál og sjálfbærni. Þemað að þessu sinni er fjórða heimsmarkmiðið, Menntun fyrir alla.

Í fréttatilkynningu kemur fram

að Eliza Reid, forsetafrú og verndari Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, haldi erindi um mikilvægi menntunar. Þá flytur ávarp Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ. Fulltrúar Ungmennaráðs heimsmarkmiða verða einnig viðstaddir.

Á vef heimsmarkmiðanna er þeim svo lýst: „Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna

í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum.“ Aðalsmerki markmiðanna er lýst sem algildu og því hafi aðildarríkin skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna, bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. ■



AVATAR

THE WAY OF WATER

20TH CENTURY STUDIOS PRESENTS A LIGHTSTORM ENTERTAINMENT PRODUCTION A JAMES CAMERON FILM "AVATAR: THE WAY OF WATER" SAM WORTHINGTON ZOE SALDANA SIGOURNEY WEAVER STEPHEN LANG AND KATE WINSLET STYLING DEBORAH L. SCOTT COSTUME DESIGNER SIMON FRANKLIN
EXECUTIVE PRODUCERS STEPHEN RIVKIN AND DAVID BRENNER EXECUTIVE PRODUCERS JOHN REFOUA AND JAMES CAMERON PRODUCED BY DYLAN COLE BEN PROCTER AND RUSSELL CARPENTER EXECUTIVE PRODUCERS DAVID VALDES RICHARD BANCHAM WRITTEN BY JAMES CAMERON & RICK JAFFA & AMANDA SILVER & JOSH FRIEDMAN & SHANE SALERNO
DIRECTED BY JAMES CAMERON & RICK JAFFA & AMANDA SILVER

16. DESEMBER

10 DAGAR Í FRUMSÝNINGU - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

Bakþankar

Péturs Georgs
 Markan



Að binda heiminn saman

Mexíkóheimsmeistaramótið '70 varð sigurmarsering hins brasilíska Pelé, stórkostlegasta knattspyrnumanns allra tíma. Eins og Pétur postuli varð táknmynd kirkjunnar sem mótaði veröld sem beid, varð Pelé táknmynd fegurðar leiksins sem sameinar heiminn í dag. Misskilningur er að lýðræði bindi heiminn best saman – víða skortir það. En leikur leikjanna er spilaður með sömu reglum, ákefð, ástríðu og einingu um allan heim. Og þar er engin undantekning á.

Það er því eðlilegt að heimsmeistaramótið í Katar sæti gagnrýni. Mótið er heimsbyggðarinnar og þau gildi sem við mörg trúum á – jafnrétti, frelsi, virðing og réttindi sem við gerum kröfur um eru ekki virt í Katar. Og það voru vonbrigði að þau fyrirheit sem móts-haldarar gáfu fyrir mótið reyndust yfirgefin við komu gestanna. Inn í þetta fléttast ægileg spilling FIFA síðasta áratug.

En möguleikar knattspyrnunnar felast í fegurð augnablika sem bindur heiminn saman í aðáun og ástríðu. Íþróttin getur verið og á að vera afl til framvindu frjálslyndis og frelsis heimsins alls. Ég er viss um að svöl golan sem fylgir gestagangi í Katar þessa dagana skili sér á endanum í betri heimi.

Og þar sem knattspyrna lýsir á heiminn þarf og á formaður KSÍ að vera á meðal.


Það þarf nefnilega að sýna stundinni biðlund snilldarinnar – rétt eins og síðasta töfrasending Pelé í úrslitaleiknum gegn Ítalíu. Þar sem hann beid, og beid, og renndi síðan boltanum til hlíðar þar sem ókleifur varnarmúr Ítalíu stóð allt í einu með öll himinshlið opin. Mark! ■

SOFTU VEL UM JÓLIN

2019-2022 Fyrirmyndaryfirtæki í rekstri Væðingarástættir

2022 Framúrskarandi fyrirtæki

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ORKAN

Frítt kakó

MEÐ ORKULYKLI

VERSLANIR:
 ENGJATEIGI 17-19, REYKJAVÍK S: 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI S: 461 1150

OPID:
 VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:
 HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF. BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS